SAMEYKI

Tímarit Sameykis / **4. tbl. 2021** / sameyki.is

B eða ekki B: Lífeyrir og hið opinbera

Gylfi Magnússon, prófessor í viðskiptafræðideild í Háskóla Íslands fer yfir sögu og tilvist A og B lífeyrisdeilda, kosti þeirra og galla.

>> Bls. 20

Lævís þau í leyni liggja

Gul stéttarfélög eru velviljuð og auðsveip félög til höfuðs almennum verkalýðsfélögum, segir Sigurður Pétursson sagnfræðingur í grein sinni um gul verkalýðsfélög. Hann varpar ljósi á hlutverk og tilgang þeirra og bendir á að öflug, frjáls og óháð stéttarfélög séu undirstöður velferðar og lýðréttinda á íslandi.

>> Bls. 23

Bakar sörur og gætir fanga

Rætt er við formenn tveggja fagfélaga innan Sameykis, þau Braghildi S. Little Matthíasdóttur, formann Félags heilbrigðisritara sem segir að vanti karlmenn í stéttina og Victor Gunnarsson, formann Fangavarðafélags Íslands sem bakar sörur af miklum móð á aðventunni.

>> Bls. 28-31

Það þarf baráttujaxla til að verja réttindin

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir er varaformaður Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu. Hún segir í viðtali að stéttarfélagið sé sterk heild og að það þurfi bæði að sækja fram og standa vörð um þau réttindi sem þegar hafa náðst.

>> Bls. 12-15

SAMEYKI

Ertu giggari? Vinnuafl sem hilluvara á vinnumarkaði **Ekki tilbúin að hætta** 50 ár á sama vinnustaðnum **Stans - Verkfallsverðir!** Heimildarmynd um stóra verkfallið 1955 **Jákvætt að vinna heima** en því getur fylgt einmanaleiki **Fulltrúaráðsfundur** Ekki búið að efna loforð um jöfnun launa **Bjarg íbúðafélag** Lífsgæði fjölskyldna aukast með lægri leigukostnaði **Af vettvangi Sameykis** Pistlar og fréttir

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ábyrgðarmaður
Þórarinn Eyfjörð

Ritstjóri
Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar
Andrean Sigurgeirsson
Brjánn Jónasson
Gylfi Magnússon
Íris Gefnardóttir
Rut Ragnarsdóttir
Sigurður Pétursson

Prentun
Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og Svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með Svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.

Prentgripur 1234 5678

Skrifstofa Sameykis
Grettisgata 89 - 105 Reykjavík
Símar: 525 8340 / 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

EFNISYFIRLIT

4 Af vettvangi Sameykis
6 Jákvætt að vinna heima en því getur fylgt einmanaleiki
8 Ekki enn búið að efna loforð um jöfnun launa á milli markaða
10 Trúnaðarmenn þurfa að á tánum
11 Félagslega starfið í Sameyki
12 Það þarf baráttujaxla til að verja réttindin
16 Stanz verkfallsverðir!
20 B eða ekki B: Lífeyrir og hið opinbera
23 Lævís þau í leyni liggja
26 Ertu giggari?
28 Byrja að vinna klukkan fimm alla morgna
31 Bakar sörur og gætir fanga
32 Í fimmtíu ár á sama vinnustaðnum og ekki tilbúin að hætta
34 Ungmenni af erlendum uppruna í versnandi stöðu
35 Lífsgæði fjölskyldna aukast með lægri leigukostnaði
36 Af vettvangi Sameykis
38 Krossgátan

Jöfnun launa milli markaða

Einn mikilvægasti þáttur í samskiptum manna er traust. Fjölmargir þættir í hinu daglega lífi byggja á því og við hegðum okkur og bregðumst við verkefnum dagsins í ljósi þess hversu vel við treystum samferðafólki okkar. Samskipti aðila á vinnumarkaði lúta sömu lögmálum. Í kjarasamningum og við framkvæmd þeirra verður að ríkja traust. Þannig verða samningsaðilar að geta átt í samskiptum sín á milli og unnið að verkefnum sem tengjast framkvæmd kjarasamninga í þeirri vissu að samningar séu virtir.

Um langa hríð hafa laun opinberra starfsmanna verið töluvert lægri heldur en laun á almennum markaði. Að meðaltali eru þau um 16,7 prósent lægri. Í umræðu áranna hafa ýmsir haldið því fram að það væri réttlátur munur því opinberir starfsmenn væru með svo rík réttindi í lífeyrisgreiðslum. Þegar kæmi að greiðslu lífeyris myndi jafnræði nást í ævitekjum vegna hærri lífeyrisgreiðslna til opinberra starfsmanna.

Árið 2016 tókst samkomulag milli ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga annars vegar og allra opinberra starfsmanna hins vegar um að jafna kjör, bæði hvað varðar launasetningu á starfsævinni og einnig hvað varðar lífeyrisgreiðslur. Fyrir hönd ríkisins undirrituðu forsætisráðherra og fjármálaherra samkomulagið.

Samkomulagið gengur út á að jafna lífeyrisréttindin þannig að réttur launafólks verði sambærilegur hvort heldur sem um er að ræða starfsfólk sem unnið hefur hjá hinu opinbera eða á almenna markaðnum. Leiðréttingu á lífeyrisréttindum starfsfólks á almennum markaði átti að framkvæma á þremur árum og gekk það eftir upp á punkt og prik. Leiðréttingin til opinberra starfsmanna, sem fólst í jöfnun launa á milli markaða, átti að framkvæma á 6 - 10 árum. Launabilið á milli markaða væri að meðaltali um 16,7 prósent og til að jafna það launabil fæli í sér kostnað. Í tímasettri áætlun átti fyrsta skrefið í leiðréttingunni að koma til framkvæmdar þann 1. janúar síðastliðinn. Ekkert bólar á því skrefi enn sem komið er.

Og því skyldi það nú vera? Því hefur verið fleygt fram að hjá hinu opinbera sé ekki mikill áhugi á að keyra verkefnið áfram. Að fulltrúar hins opinbera séu að teygja lopann og drepa málinu á dreif innan starfshópsins sem ábyrgðina bera á verkefninu.

Í aðdraganda samkomulagsins frá 2016 varð mikil umræða um hvort ríkinu og sveitarfélögunum væri treystandi til að virða samkomulagið. Í hugum ýmissa félagsmanna lék mikill vafi á því. Margir héldu því hins vegar fram að vinnumarkaðurinn stæði á tímamótum og það væri úrelt fyrirkomulag að launakjör vinnandi fólks væru betri á almenna markaðinum og að lífeyrisrétturinn væri betri hjá opinberum starfsmönnum. Það væri nauðsynlegt að jafna lífeyrisréttindin þannig að jafnræði ríkti á milli launafólks á Íslandi. Réttast væri að gera það strax. Og það var gert. Hins vegar væri jöfnun launa tæknilega flóknara verkefni og því yrði að gefa því verkefni 6-10 ár og ríkinu og sveitarfélögunum væri vel treystandi til að standa við sitt. Nú eru 6 ár liðin og ekkert bólar á framkvæmdinni.

Það er algerlega ljóst að nú er komið að því að taka fyrstu skrefin í framkvæmdinni. Opinberir starfsmenn munu ekki undir neinum kringumstæðum una við það að svæfingalæknum fjármálaráðuneytisins og sveitarfélaganna takist að eyðileggja þetta mikilvæga verkefni. Opinberir starfsmenn krefjast þess að staðið verði að fullu og öllu við jöfnun launa milli markaða og að fyrstu skref í framkvæmdinni verði stigin án tafar. Munum að það voru helstu ráðamenn þjóðarinnar sem skrifuðu undir samkomulagið um þessar gagngeru breytingar. Nú er nýtt þing að hefja störf og nú er tími til kominn að opinberir atvinnurekendur standi við sitt.

Þórarinn Eyfjörð
Formaður Sameykis

Stofnun ársins 2021

Viðurkenningar verða veittar fyrir Stofnun ársins og Stofnun ársins - Borg og bær 2022

Viðhorfskönnun

Viðhorfskönnunin Stofnun ársins 2021 hefur verð send til allra félaga í Sameyki og vonar félagið að þátttakan verði góð eins og áður. Könnunin er unnin af Gallup og er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fjölmargra stofnana og nær til um 25.000 manns á opinberum vinnumarkaði.

Tilgangur

Tilgangur könnunarinnar er í fyrsta lagi að velja Stofnun ársins og gefa þannig þeim stofnunum viðurkenningu sem skara fram úr í mannauðsmálum. Í öðru lagi að veita stjórnendum upplýsingar um hvað er vel gert og hvað megi bæta frá sjónarhóli starfsfólksins og þannig gera stjórnendum kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi vinnustaðarins.

Málþing

Að lokinni viðhorfskönnuninni verður blásið til málþings um mannauðsmál og viðurkenningar verða veittar fyrir Stofnun ársins og Stofnun ársins - Borg og bær sem skarað hafa framúr ár árinu 2021.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Viðhorfskönnunin Stofnun ársins 2021 flogin af stað

Val á Stofnun ársins, Fyrirmyndarstofnunum og Hástökkvara ársins byggir á mati starfsmanna og eru niðurstöðurnar mælikvarði á frammistöðu stofnana þegar kemur að stjórnun, starfsanda, launakjörum, vinnuskilyrðum, sveigjanleika og sjálfstæði í starfi, ímynd stofnana og jafnrétti.

Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fjölmargra stofnana og nær til um 25.000 manns á opinberum vinnumarkaði. Könnunin nær til alls

starfsfólks, en þó er almennt miðað við að starfsfólk hafi starfað á vinnustaðnum í þrjá mánuði eða lengur, þ.e. hófu störf í ágúst 2021 eða fyrr. Það viðmið er notað svo svarendur geti metið starfsumhverfi sitt með áreiðanlegum hætti. Einnig er í flestum tilvikum miðað við a.m.k. 30% starfshlutfall. Meðalsvartími í viðhorfskönnuninni er um 12 mínútur.

Tilgangur könnunarinnar er í fyrsta lagi að velja Stofnun ársins og gefa þannig þeim stofnunum viðurkenningu sem skara fram úr í mannauðsmálum. Í öðru lagi að veita stjórnendum upplýsingar um hvað er vel gert og hvað megi bæta frá sjónarhóli starfsfólksins og þannig gera stjórnendum kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi vinnustaðarins.

Stjórn Sameykis ályktar um uppsögn trúnaðarmanns Eflingarfélaga

Stjórn Sameykis ályktaði um uppsögn trúnaðarmanns Eflingar. Þar kemur fram að að kallað sé eftir því að uppsögn Icelandair á trúnaðarmanni Eflingar á Reykjavíkurflugvelli verði dregin til baka og að Icelandair tryggi innanhússþekkingu á mikilvægi trúnaðarmanna á vinnustöðum og sambandi þeirra við launafólk og stéttarfélög í landinu.

Ályktun Sameykis um uppsögn trúnaðarmanns Icelandair

Trúnaðarmanni Eflingarfélaga á Reykjavíkurflugvelli, Ólöfu Helgu Adolfsdóttur, var sagt upp störfum í miðjum viðræðum um réttindamál meðal starfsmanna fyrirtækisins. Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu mótmælir harðlega uppsögn trúnaðarmanns Icelandair ehf. á grundvelli laga um réttindi og skyldur trúnaðarmanns á vinnustað þar sem óheimilt er að segja upp trúnaðarmanni sem starfar í trúnaðarsambandi fyrir hönd launafólks og stéttarfélags á vinnustað. Í elleftu grein laga um stéttarfélög og vinnudeilur frá Alþingi 1938 nr. 80 11. júní segir: Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni. Að auki er ekki heimilt að beita uppsögnum eða hótunum hjá launafólki vegna þátttöku í starfi stéttarfélaga.

Með uppsögninni hefur Icelandair brotið lög um réttindi trúnaðarmannsins á vinnustaðnum og þannig komið í veg fyrir að hann geti rækt skyldur sínar gagnvart launafólki og gætt réttinda starfsmanna Icelandair ehf.

Ennfremur mótmælir Sameyki harðlega framgöngu Samtaka atvinnulífsins í málinu og að það reki málið fyrir hönd Icelandair ehf. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og fyrrum stjórnandi hjá Icelandair, hefur lýst stuðningi við uppsögn trúnaðarmannsins. Með þeim stuðningi gengur SA hart gegn réttindum trúnaðarmannsins, réttindum launafólks og lögum um trúnaðarmenn.

Það er skylda yfirmanna viðkomandi trúnaðarmanns hjá Icelandair ehf að vera upplýstir um réttindi, skyldur og hlutverk trúnaðarmanna á vinnustöðum. Ekki gengur að bera fyrir sig þekkingarleysi á hlutverki þeirra í eigin fyrirtæki.

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu krefst þess að uppsögnin verði dregin til baka og Icelandair ehf. tryggi innanhússþekkingu á mikilvægi trúnaðarmanna á vinnustöðum og sambandi þeirra við launafólk og stéttarfélög í landinu.

Þórarinn Eyfjörð kosinn 1. vara-formaður BSRB á 46. þingi þess

Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis var kosinn 1. varaformaður BSRB á 46. þingi þess. Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu er stærsta stéttarfélagið innan sambandsins með um 12500 félagsmenn og mikilvægt er að opinberir starfsmenn hafi afl og sterka rödd til að hafa áhrif innan BSRB og utan þess til að ná fram réttindum félagsfólks m.a. í kjarasamningum, opinberri umræðu um kjara- og réttindamál, ályktanir stéttarfélagsins gangvart stjórnvöldum og samvinnu við þau, og baráttu fyrir betri kjörum opinberra starfsmanna. Hlutverk 1. varaformanns og formanns BSRB er ekki síst að veita stjórnvöldum aðhald þegar kemur að því að halda samfélaginu gangandi. Mikilvægi opinberra starfa og almannaþjónustu hefur aldrei verið meira.

Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu og 1. varaformaður BSRB.

Þórarinn Eyfjörð hefur í störfum sínum fyrir verkalýðshreyfinguna og Sameyki ekki legið á skoðunum sínum í þjóðmálaumræðunni og beitt sér fyrir mörgum réttlætis- og baráttumálum BSRB og opinberra starfsmanna og segir hann að svo verði áfram. „Ég er þakklátur fyrir að hafa verið kosinn 1. varaformaður BSRB á þinginu og ég mun af fullum krafti vinna fyrir okkar félagsfólk innan þess. Ég hlakka til samvinnunnar með formanninum Sonju Ýr Þorbergsdóttur og stjórn bandalagsins að þeim góðu málum sem við í BSRB höfum verið að vinna að," sagði Þórarinn um kosninguna.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir var endurkjörin formaður BSRB til næstu þriggja ára á þinginu með rúmlega 97 prósent greiddra atkvæða. Sonja Ýr var ein í framboði til formanns, en hún var fyrst kjörin formaður bandalagsins á 45. þingi BSRB í október 2018. Þá var Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags í almannaþjónustu, endurkjörin í embætti 2. varaformanns BSRB. ■

Nýtt starfsfólk á skrifstofu Sameykis

Gunnsteinn R. Ómarsson hefur verið ráðinn í nýtt starf skrifstofustjóra hjá Sameyki og hefur þegar hafið störf. Skrifstofustjóri sér um og ber ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofunnar. Gunnsteinn er fæddur 1970 og er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með masterspróf frá Árósaháskóla í Danmörku í fjármálum og alþjóðaviðskiptum. Undanfarin tvö ár hefur hann starfað sem verkefnastjóri húsnæðismála hjá Reykjavíkurborg en hefur lengst af á starfsferlinum starfað sem bæjar- og sveitarstjóri, síðast hjá Sveitarfélaginu Ölfusi frá árinu 2013 til 2018.

Gunnsteinn er Vestfirðingur en býr í dag í Þorlákshöfn ásamt eiginkonu sinni Berglindi Ósk Haraldsdóttur og dætrum þeirra fjórum, Helgu 18 ára, Hildi 16 ára, Andreu 11 ára og Emilíu 10 ára og hundinum Prins. ■

Kristín María Magnúsdóttir hefur verið ráðin sérfræðingur á sviði upplýsingatækni og greiningar í rekstrardeild hjá Sameyki. Hún útskrifaðist með BA í hagfræði frá Háskóla Íslands og lauk námi í VOGL, verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun, frá Endurmenntun Háskóla Íslands vorið 2011. Tekur Kristín María við nýrri stöðu sérfræðings hjá félaginu. Áður starfaði Kristín María sem sérfræðingur á rekstrarsviði Motus frá árinu 2006 og sinnti þar m.a. greiningum og tók þátt í uppbyggingu vöruhúss gagna auk annarra umbótaverkefna á sviði upplýsingatækni.

Kristín María er fædd 1964 og býr á sínum æskuslóðum í Kópavogi ásamt manni sínum Jóni Magnúsi Sveinssyni og eiga þau fjögur uppkomin börn og þrjú barnabörn. ■

Margir nefna að vinnunæði sé meira við vinnu heima og því aukin afköst. Þá nefna margir svarendur að áreiti sé minna og álag sé einnig minna.

Jákvætt að vinna heima en því getur fylgt einmanaleiki

Breytingar eru að verða á íslenskum vinnumarkaði vegna COVID-19. Félagsfólk Sameykis segir m.a. í viðhorfskönnun að minni streita og stress ásamt betri tímastjórnun fylgi því að vinna heima. Meðal neikvæðra þátta má nefna að hreyfingu skorti ásamt einangrun og félagslegu samneyti. Þá kemur fram hjá 36 prósent að einmanaleiki fylgir því að vinna heima.

Eftir Axel Jón Ellenarson

Í síðasta tölublaði Sameykis, 3. tbl., var fjallað um viðhorfskönnun sem Ráðhúsið ráðgjafastofa var fengin til að framkvæma til að kanna á meðal félagsmanna viðhorf þeirra til ýmissa þátta í tengslum við COVID-19 og þær breytingar á vinnufyrirkomulagi í kjölfarið. Könnunin var framkvæmd með því að senda tölvupóst til félagsmanna og þeir beðnir um svara 29 spurningum um afstöðu þeirra til breyttra aðstæðna á þeirra vinnustað. Í þessari grein er fjallað um líkamlega og andlega heilsu félagsfólks Sameykis og áhrif faraldursins á þá þætti.

Spurningar um líkamlega og andlega heilsu voru semsagt bornar fram með þeim hætti að ef félagsfólk svaraði viðkomandi spurningu um að það fyndi annað hvort jákvæð eða neikvæð áhrif samfara vinnu heima, annað hvort andlega eða líkamlega, fékk viðkomandi spurningu þar sem hægt var að svara spurningunum með svonefndum „opnum hætti“ og gafst þannig kostur á að segja nánar frá í hverju þessi áhrif væru fólgin.

Spurt var m.a. um:

1. **Telur þú að heimavinna hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega eða líkamlega heilsu þína?**
2. **Ef heimavinna er að hafa áhrif á þig og þú finnur fyrir jákvæðum andlegum áhrifum, hver eru þau helst?**
3. **Ef heimavinna er að hafa áhrif á þig og þú finnur fyrir jákvæðum líkamlegum áhrifum, hver eru þau helst?**
4. **Ef heimavinna er að hafa áhrif á þig og þú finnur fyrir neikvæðum andlegum áhrifum, hver eru þau helst?**
5. **Ef heimavinna er að hafa áhrif á þig og þú finnur fyrir neikvæðum líkamlegum áhrifum, hver eru þau helst?**
6. **Ef þú hefur ekki stundað heimavinnu fyrir vinnustað þinn vegna Covid-19 faraldursins undanfarið, hver er helsta ástæða þess?**

1. Telur þú að heimavinna hafi jákvæð áhrif eða neikvæð á andlega eða líkamlega heilsu þína?



Á meðan 40% svarenda telja að vinna heima hafi hvorki jákvæð né neikvæð áhrif, hvort sem er á líkamlega eða andlega heilsu, telja 10-13% að vinna heima hafi neikvæð áhrif en 8-31% sem vinna heima telja að það hafi jákvæð áhrif.

2. Ef heimavinna er að hafa áhrif á þig og þú finnur fyrir jákvæðum andlegum áhrifum, hver eru þau helst?
(Opin spurning)



Flestir nefndu að streita og stress væri minna við vinnu heima en alla jafna. Tímastjórnun væri betri, t.d. er varðaði verkefni fyrir vinnu og tíminn nýttist betur. Margir nefna að vinnunæði sé meira við vinnu heima og því aukin afköst. Þá nefna margir svarendur að áreiti sé minna og álag sé einnig minna. Aðeins 5 prósent nefna að meira öryggi sé við vinnu heima vegna mögulegra áhrifa Covid-19 faraldursins.

3. Ef heimavinna er að hafa áhrif á þig og þú finnur fyrir jákvæðum líkamlegum áhrifum, hver eru þau helst?
(Opin spurning)



Þegar sama fyrirkomulag með opinni spurningu er notað við öflun svara um líkamlega heilsu, og aðeins þeir spurðir sem nefna í spurningunni á undan að þeir finni fyrir breytingu við vinnu heima, kemur í ljós að helstu jákvæðu áhrif þess að vinna heima sé aukin hreyfing. Margir svarenda nefna minni streitu og stress og eflaust skynja einhverjir svarendur að streita og stress sé af líkamlegum toga frekar en huglægum eða andlegum. Önnur líkamleg áhrif sem félagsmenn nefna er aukin orka, minni þreyta, betra mataræði og meiri vinnufriður.

Segja má að þorri félagsmanna hafi svarað spurningunni um hver væru neikvæð andleg áhrif Covid-19 faraldursins á svipaðan hátt en þar bar hæst einangrun, einmannaleiki, skortur á félagsskap og mannlegum samskiptum, depurð og annað sem snýr að samstarfi og samskiptum á vinnustað sem getur verið af ýmsum

4. Ef heimavinnan er að hafa áhrif á þig og þú finnur fyrir neikvæðum andlegum áhrifum, hver eru þau helst?
(Opin spurning)



og fjölbreyttum toga. Nokkrir nefndu skort á aðskilnaði milli vinnu og heimilis eða 7%. Þá nefndu um 10% framtaks- og metnaðarleysi og skort á samvinnu og góðri verkefnastjórn.

5. Ef heimavinna er að hafa áhrif á þig og þú finnur fyrir neikvæðum líkamlegum áhrifum, hver eru þau helst?
(Opin spurning)



Neikvæð líkamleg áhrif vegna vinnu heima á tímum Covid-19 faraldurs eru helst þau að hreyfingu skortir, vinnuaðstaða er verri og því fylgja líkamlegir verkir. Þeirri spurningu má varpa fram hvort og hvernig vinnustaðir hefðu mátt gæta þessara mikilvægu þátta er varðar vinnuvernd þótt unnið sé heima fyrir vinnustaðinn. Þrátt fyrir að skýrt væri spurt um neikvæð líkamleg áhrif nefna félagsmenn aðra þætti á borð við leiða og depurð, mataræði og aðskilnað vinnu og heimilis.

6. Ef þú hefur ekki stundað heimavinnu fyrir vinnustað þinn vegna Covid-19 faraldurs undanfarið, hver er helsta ástæða þess?



Til glöggvunar á því hvaða ástæður gætu legið að baki ákvörðun á vinnustað um að fólk ynni ekki heima var spurt um helstu ástæðu þess. Þorri svarenda, eða meira en 9 af hverjum 10, nefna að vinnuaðstæður krefjist þess að unnið sé á vinnustað. Aðeins um 7% nefna að ákvörðun stjórnanda vinnustaðar hafi ekki heimilað heimavinnu. Í raun mátti því sjá að það voru aðrar aðstæður s.s. fjölskyldu- eða heimilisaðstæður sem kæmu í veg fyrir heimavinnu. ■

Ekki enn búið að efna loforð um jöfnun launa á milli markaða

Eftir Axel Jón Ellenarson

Fundur í Fulltrúaráði Sameykis fór fram í Gullhömrum 12. nóvember sl. Í upphafi fundar bauð Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis, fundargesti velkomna og kynnti fyrir þeim efni fundarins sem voru erindi um jöfnun launa á milli opinbera og almenna launamarkaðarins í umsjón Árna Stefáns Jónssonar, fv. formanns Sameykis.

Formaður Sameykis, Þórarinn Eyfjörð, setti fund Fulltrúaráðs Sameykis og fór yfir rekstraruppgjör félagssjóðs og orlofssjóðs yfir átta mánaða tímabil.

Launamunur á milli markaða enn mikill

Í upphafi fór Árni Stefán Jónsson, sem hefur setið í nefnd um jöfnun launa milli markaða, yfir stöðu mála. Kynnti hann fyrir fundargestum stöðuna á verkefninu og fór yfir störf nefndarinnar. Sagði hann að í kjölfar bankahrunsins 2009 hefði verið stofnað til nefndar sem átti að fara yfir lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna til að kanna hvernig hægt væri að jafna lífeyrsréttindin á íslenskum launamarkaði – opinbera launamarkaðarins og almenna launamarkaðarins. Fór hann ofan í kjölinn á stöðunni í þessu verkefni sem stofnað var til annars vegar af stjórnvöldum, fjármála- og efnahagsráðherra og Samband Íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd ríkisins og BSRB, BHM og KÍ hins vegar. Markmiðið var að komast að samkomulagi um breytingu á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Fram kom í máli Árna Stefáns að ágreiningur sé um samkomulagið sem undirritað var því samningsaðilar ríkis og sveitarfélaga hafi ekki lagt sig fram við að veita fjármunum til að jafna launamuninn milli markaðanna.

Fyrir lok ársins 2023 á að vera búið að ganga frá 2/3 af greiðslum vegna leiðréttingarinnar. Til að framkvæma þetta hefur komið fram sú hugmynd að skipta launafólki upp í hópa; heilbrigðisstarfsfólk, skrifstofufólk, tæknifólk osv.frv. í stað þess að eiga það á hættu að valda launaskriði innan stofnana með því að gera þetta í gegnum stofnanasamningana.

Ágreiningur um aðferðir

Þá kom fram á fundinum að eins væri sú leið fær fyrir sveitarfélögin að fara með leiðréttinguna í gegnum starfsmatið. Hægt væri að bæta við þætti í launamatið sem gæti heitið; leiðrétting launa á milli markaða. Ljóst er að atvinnurekendur hafa dregið lappirnar í þessum efnum og finna ávallt eitthvað nýtt til að tefja þessa mikilvægu leiðréttingu. Viðsemjendur hafa farið fram á breytingu á sjöundu grein samkomulagsins sem kveður á um sameiginlega stefnu fulltrúa opinberra launagreiðenda og bandalaga opinberra starfsmanna og að laun og önnur kjör hjá hinu opinbera séu samkeppnisfær.

Árni Stefán sagði að áfram væri mikil óánægja hjá ýmsum pólitískum öflum með lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Eftir að opinberir starfsmenn sömdu upp á nýtt um lífeyrisréttindi sín hafa stjórnvöld fallist á að jafna launin eins og samið var um. Þá tók Ríkissáttasemjari við stjórnun

verkefnisins á grundvelli samnings í kjarasamningsviðræðum árið 2019 og var ákveðið að fyrsta greiðsla til einhverra hópa yrði 1. janúar 2021. Fyrir lok ársins 2023 á að vera búið að leiðrétta 2/3 af þeim hópum sem fá leiðréttingu, og fyrir lok ársins 2026 á að vera búið að ljúka verkefninu um jöfnun launa á milli markaða.

> Fyrir lok ársins 2023 á að vera búið að leiðrétta 2/3 af þeim hópum sem fá leiðréttingu og fyrir lok ársins 2026 á að vera búið að ljúka verkefninu um jöfnun launa á milli markaða.

Árni Stefán sagði að áfram væri mikil óánægja hjá ýmsum pólitískum öflum með lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Eftir að opinberir starfsmenn sömdu upp á nýtt um lífeyrisréttindi sín hafa stjórnvöld fallist á að jafna launin eins og samið var um.

Nefnd sem á að dýpka skilning á launaþróun

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB, kynnti í erindi sínu efni skýrslu Kjaratölfræðinefndar sem kom út í október sl. Í Kjaratölfræðinefnd, sem skipuð er af félagsmálaráðherra, sitja fulltrúar heildarsamtaka launafólks, fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, ríkis og sveitarfélaga og forsætisráðuneytisins, ásamt fulltrúa frá Hagstofunni og situr Ingibjörg Sigríður í nefndinni fyrir hönd BSRB. Nefndin var stofnuð í kjölfar síðustu kjarasamninga á almenna launamarkaðinum og fjallar hún um launatöflur launafólks. Hagstofa Íslands heldur utan um tölulegt starf nefndarinnar og markmið hennar eru að dýpka skilning á hagtölum launafólks á Íslandi. Í skipunarbréfi kemur fram að nefndin á að stuðla að sameiginlegum skilningi á eðli, eiginleikum og þróun hagtalna og að auki að fylgjast með gerð og þróun kjarasamninga þar sem launaliðurinn skiptir mestu máli.

„Vinnustímastyttingin vegur þungt í launavísitölu hjá hinu opinbera því þær mælast inn í launahækkanir eins og um markaðslaun væri að ræða," sagði Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur BSRB.

Lægstu launin hækkuðu mest

Sigríður Ingibjörg fór yfir breytingu á launavísitölu hópa á vinnumarkaði og vísitölu neysluverðs á tímabilinu mars 2019 til júlí 2021. Þar kom fram að opinberir starfsmenn fengu launahækkanir umfram launafólk á almenna markaðnum um 4,8 prósent en þar skipti mestu hækkun á launum þeirra sem eru á lægstu launum. Hækkaði launavísitalan á þessu tímabili um 17,2 prósent og að meðaltali um 8,2 prósent.

Vinnustímastyttingin vegur þungt í launavísitölu hjá hinu opinbera því þær mælast inn í launahækkanir eins og um markaðslaun væri að ræða og munar þar um að á almenna markaðnum var stytting vinnuvikunnar að meðaltali 9 mínútur á dag en á opinbera markaðnum 13 mínútur á dag, allt að 4 klukkustundir á viku, og jafnvel 8 klukkstundir á viku hjá vaktavinnufólki. Sigríður Ingibjörg áréttaði að þetta þyrfti að hafa í huga þegar launaþróunin er skoðuð, þ.e. að það sé eðli krónutölusamninga að lægri laun hækki hlutfallslega meira en hærri laun. Þegar launatöflur séu skoðaðar komi í ljós, eins og vitað er, að launafólk á opinbera launamarkaðnum sé á lægri launum en á almenna launamarkaðnum.

Í máli Sigríðar Ingibjargar kom fram að stytting vinnuvikunnar reiknast inn í launatöflur um 6,8 prósent á opinbera markaðnum en alls ekki, eða í miklu minna mæli, á almenna markaðnum. Það segir sína sögu.

Í lok fundarins fór Þórarinn Eyfjörð yfir rekstraruppgjör félagssjóðs og orlofssjóðs yfir átta mánaða tímabil. ■

„Dansinn gegnir því mikilvægu hlutverki sama hvort það sé til helgisiða, kátínu, Tik Tok eða listfengis. Hann tengir og hreyfir við fólki og spilar oft á djúpa tilfinningastrengi sem erfitt er að lýsa ...“

Trúnaðarmenn þurfa ætið að vera á tánum

Eftir Andrean Sigurgeirsson

Þegar mér barst sú tilnefning að gerast varatrúnaðarmaður Íslenska dansflokksins ákvað ég að ríða á vaðið. Ákvörðun mín um að taka við þessari ábyrgð var því ekki vegna þess að ég hefði einhvern sérstakan áhuga á kjaramálum og stéttarfélögum. Á þeim tíma var ég býsna óláes á allt stofnanamál og hafði í rauninni ekki hugmynd um hver mín réttindi væru, hvar stéttarbaráttan stæði né hvers konar stuðning og þjónustu stéttarfélagið hefði upp á að bjóða. Þetta var því kjörið tækifæri til þess að kynna mér málin og læra. Það sem ég hafði upp á að bjóða var að vera ágætur í mannlegum samskiptum, sem ég tel vera mikilvægasta eiginleika trúnaðarmannsins sem og hlustun, traust og næmni.

Skýrðist hægt og rólega

Hægt og rólega, eftir því sem oftar var að leitað til mín, varð þetta allt skýrara. Samningarnir urðu skiljanlegri og yfirsýnin varð meiri. Ég fór að átta mig meira á mikilvægi þess að vera vakandi fyrir réttindum okkar og gæta þess að samningum, siðareglum og loforðum sé framfylgt. Við þurfum nefnilega alltaf að vera á tánum því það er alltaf hægt að gera betur.

Í dag er ég trúnaðarmaður dansara og æfingastjóra flokksins og ég reyni að sinna því starfi af fyllstu alúð. Það er dýrmætt að geta verið samstarfsfólki sínu til halds og traust og í raun er það aðalástæðan fyrir því að maður er að þessu. Við hjá Íslenska dansflokknum erum lítill vinnustaður sem bæði getur verið bölvun og blessun. Stofnanasamningarnir eru flóknir þar sem starf dansarans er fjölbreytt og krefjandi. Við erum

í senn listamenn og afreksíþróttafólk. Lífstíminn er stuttur, enda eldist líkaminn þó svo sálin sé enn þá ung og forvitin.

Kjör og réttindi dansarans

Dansinn hefur alltaf fylgt mannkyninu og í raun eru flestir farnir að dilla sér í lendunum áður en fólk lærir að ganga. Dansinn gegnir því mikilvægu hlutverki sama hvort það sé til helgisiða, kátínu, Tik Tok eða listfengis. Hann tengir og hreyfir við fólki og spilar oft á djúpa tilfinningastrengi sem erfitt er að lýsa, eitthvað sem leiklistinni eða öðrum listformum tekst oft ekki. En vegna þeirrar staðreyndar að dansinn krefst ekki talmáls og er oftast tjáður af hópi, gleymist hann oft í umræðunni. Undirbúningur dansferilsins hefst oft frá blautu barnsbeini og fólk undirgengst margra ára þjálfun, allskyns sérþjálfun og strangt nám til þess að eiga einhvern séns í harða dansheiminum. Kjör og réttindi dansarans eiga að endurspegla þennan mikla undirbúning, dugnaðinn, þrautseigjuna, líkamlega álagið, tímabundna ferilinn og þá mikilvægu speglun sem að eini dansflokkur landsins hefur á íslenskt samfélag.

Sameyki hefur staðið sína plikt vel ásamt okkur dönsurum flokksins. Við stöndum loks jafnfætis leikurum í kjaramálum og við erum þakklát fyrir alla þá aðstoð og leiðsögn sem Sameyki hefur veitt með mótun stofnanasamnings okkar og betrumbóta á vinnuumhverfi okkar.

“

Sameyki hefur staðið sína plikt vel ásamt okkur dönsurum flokksins. Við stöndum loks jafnfætis leikurum í kjaramálum og við erum þakklát fyrir alla þá aðstoð og leiðsögn sem Sameyki hefur veitt með mótun stofnanasamnings okkar og betrumbóta á vinnuumhverfi okkar.

Ég mæli eindregið með því að gerast trúnaðarmaður. Þú græðir bara á því að gerast trúnaðarmaður því þú ert alltaf að læra eitthvað nýtt, svo er það án djóks bara mjög kúl að vera meðvitaður um kjör sín og réttindi. ■

Félagslega starfið í Sameyki

Eftir Rut Ragnarsdóttur

Innan Sameykis starfar nefnd sem, ólíkt öðrum nefndum félagsins, horfir mestmegnis inn á við. Það er á félagsmennina sjálfa og samheldni þeirra. Á meðan aðrar nefndir félagsins skoða, ræða og móta stefnu félagsins út á við, það er, meðal annars um framtíðarvinnumarkaðinn, umhverfið, loftslagið, húsnæðismálin, heilbriðgðismál, velferðarmál, jafnréttismál og fleira, þá horfum við í nefnd um félagsleg málefni til þess hvað hægt sé að gera til að stuðla sem best að því að allir félagsmenn séu meðvitaðir um félagsaðild sína í Sameyki og hvað í henni felst.

Hlutverk þessarar skemmtilegustu (hlutlaust mat höfundar) nefndar félagsins er að reyna að auka tengslin við félagsmenn með margskonar félagslegri samveru, skemmtunum eða menningarviðburðum hverskyns. Um leið og við reynum að blása öllum félögum félagsandanum í brjóst viljum við líka hafa gaman inn á milli.

Bjartari tíð framundan

Nokkuð rík hefð er fyrir því að halda Aðventukvöld, með jólabókaupplestri, heitu súkkulaði, mandarínum og jólatónlist! Jólaball fyrir börnin með hljómsveit, jólasveinum og alvöru einiberjarunna! Páskaeggjabingó alveg eins og þetta klassíska, nema með páskaeggjum í vinning ásamt mjög fyndnum böndurum sem yngri kynslóðin sér um að segja okkur milli bingóumferða!

Það hefur reynst erfitt fyrir nefndina að halda viðburði síðustu mánuði vegna heimsfaraldursins sem við þekkjum öll svo vel en á síðasta ári blésum við til teiknisamkeppni þar sem við auglýstum eftir innsendum teikningum frá ungum áhugalistamönnum þar sem þemað var framtíðarvinnumarkaðurinn. Fjölmargar teikningar bárust og var vinningshafinn leystur út með gjöfum, að sjálfsögðu. En með bjartari tíð framundan verður vonandi hægt að bæta úr viðburðaleysi síðustu mánaða og blása til margra skemmtilegra viðburða fyrir félagsmenn og börn þeirra.

Nefndin mótar sér stefnu í upplýsingamiðlun til félagsmanna. Til dæmis með útgáfu þessa tímarits og með efni á sameyki.is sem og á samfélagsmiðlum. Þess má geta að Sameyki heldur úti stórgóðri Facebook síðu þar sem alltaf má finna gagnlegar upplýsingar og eins er oft hægt að stökkva á laus sumarhús sem losna óvænt og eru þá auglýst sérstaklega þar. Einnig er mjög virk Facebook síða fyrir fulltrúa/trúnaðarmenn Sameykis.

Eftirfarandi fulltrúar eiga sæti í nefndinni 2021 til 2023:

- Áslaug Finnsdóttir frá Vættaskóla
- Egill Kristján Björnsson frá Fangelsismálastofnun, fulltrúi stjórnar Sameykis
- Rut Ragnarsdóttir frá Borgarbókasafni, fulltrúi stjórnar Sameykis og formaður nefndar
- Sigurður Svanur Pálsson frá Barnaverndarstofu

Hefur þú hugmynd um viðburði eða annað félagstengdu fyrir nefndina? Ef svo er þá viljum við gjarnan heyra frá þér og biðjum þig að senda póst á netfangið sameyki@sameyki.is ■

Það þarf baráttujaxla til að verja réttindin

Varaformaður Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu er Ingibjörg Sif Sigríðardóttir. Hún segir að henni lítist mjög vel á framtíðina hjá Sameyki. Eftir sameininguna hafi félagið orðið sterkari heild og sé sýnilegra félagsmönnum og almenningi nú en áður. Hlutverk þess sé einnig markvissara og það sem er mikilvægast; að það er samningslega miklu sterkara.

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir Birgir Ísleifur Gunnarsson

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir er varaformaður Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu. Hún býr ásamt eiginmanni sínum, Aðalsteini Elíassyni, í Reykjavík og starfar hjá Orkuveitu Reykjavíkur sem bókari í reikningshaldi. Uppkomin börn þeirra tvö heita Daníel Már og Erla Rós. Ingibjörg Sif er fædd í Reykjavík en ólst upp til sex ára aldurs í Búðardal en fjöskyldan futtist þangað þegar faðir hennar fékk vinnu sem mjólkurbústjóri á staðnum. Hugur Ingibjargar Sifjar leitaði þó úr sveitinni og þorpinu til höfuðborgarinnar. Segir hún að hana hafi alltaf langað til að komast af malarvegunum á malbikið í Reykjavík. „Ég varð fljótt leið á þessum holóttu vegum og drullupollum og var því fegin þegar við fluttum til Reykjavíkur. Ég bjó í eitt ár í Breiðholti og gekk í Hólabrekkuskóla en síðan fluttum við í Vesturbæinn. Þar óx ég upp og gekk í Melaskóla og síðar í Hagaskóla. Foreldrar mínir skildu þegar ég var tíu ára og bjó ég hjá mömmu eftir það.“

Úr Verzló til Orkuveitu Reykjavíkur

Úr Hagaskóla lá leiðin fyrst í Verzlunarskóla Íslands en síðan út í heim. „Ég tók mér árs leyfi frá námi og fór út til Lúxemborgar til að hugsa um hvað ég vildi verða þegar yrði stór eins og ungt fólk gerir. Þegar ég kom til baka kláraði ég námið í Verzlunarskólanum og þaðan lá leiðin til Ítalíu þar sem ég dvaldi í hálft ár. Mamma kynntist góðum manni á meðan ég var á þessu ferðalagi og þegar ég kom heim fluttist hann til mömmu en ég tók íbúðina hans á leigu. Það kom sér mjög vel,“ segir Ingibjörg Sif og hlær.

Móðir Ingibjargar var einstæð móðir með tvö börn á sínu framfæri og hafði því ekki mikið fé á milli handanna. Ingibjörg Sif sá um sig sjálf frá unglingsaldri og hugðnaðist henni betur að vinna fulla vinnu til að geta séð fyrir sjálfri sér heldur en að taka námslán eða vera upp á móður sína komin. „Það var í mars 1992 sem ég fór að vinna hérna hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Hér starfa ég enn í dag, þannig að ég er búinn að vinna hér í 29 ár, fyrst hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og síðar Orkuveitu Reykjavíkur, ef mér reiknast rétt til. Hér hef ég fengið að þróast mjög mikið sem starfsmaður og fengið að starfa á mörgum mismunandi sviðum innan fyrirtækisins,“ segir hún.

Sveigjanlegur vinnutími

Í dag vinnur hún á fjármálasviði OR þar sem hún tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum á sviði fjármála, uppgjörs og núna í fjárhagsafstemmingum í uppgjörsteymi. Hún segir vinnustaðinn frábæran og sveigjanleikinn sé mikill. „Þetta er frábær vinnustaður og hérna er vel hugsað um allt starfsólkið. Auðvitað finnst hér óánægt starfsfólk eins og gengur og gerist á vinnustöðum, en leitast er eftir því að mæta óskum og þörfum allra eins og hægt er. Við erum hætt að nota stimpilklukku og okkur er treyst fyrir verkefnunum. Enn fremur erum við beðin um að láta vita ef verkefnin dragast á langinn þ.e. fram yfir vinnuskylduna. Bókhaldsvinna er lotuvinna og því geta safnast upp vinnustundir eina vikuna sem við getum nýtt t.d. til að vinna færri stundir þá næstu,“ segir Ingibjörg Sif.

Svartur dagur í sögunni og eldskírn trúnaðarmannsins

Ingibjörg Sif hefur starfað að stéttarfélagsmálum í mörg ár. „Ég byrjaði 2009 sem trúnaðarmaður á vinnustaðnum og þá fer ég að kynnast starfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, STFR. Þá var erfitt, og er reyndar enn þá, að fá trúnaðarmenn til starfa. Það vildi þannig til að samstarfskona mín hvatti mig til að gerast trúnaðarmaður. Sagði hún að þetta væri lítil vinna og ég þyrfti bara að mæta á nokkra fundi – bara gaman. Ég sló til og hugsaði með mér að ég gæti vel tekið þetta að mér. Ekki var ég búin að sinna þessu starfi nema í nokkra mánuði þegar uppsagnahrynur skullu á fyrirtækinu. Fyrst var 60 manns sagt upp störfum en í kjölfarið komu fleiri fjöldauppsagnir. Störf voru lögð niður og í sumum tilfellum heilu deildirnar sem ekki snéru að kjarnastarfsemi Orkuveitunnar.

> “
>
> Alls staðar voru skorin niður störf. Fólk man þennan tíma sem svartan dag í sögu þess. Fólk var á nálum yfir því að fá uppsögnina og enginn vissi hver yrði látinn taka pokann sinn næst. Að þessum uppsögnum var aðdragandi og því gat fólk að einhverju leyti vitað hverju það átti von á, en þetta tók á, þetta var erfitt þá og er enn erfitt fyrir fólk í dag.

Ingibjörg Sif segir að þessi tími hafi reynt mikið á fólkið og hann hafi verið hræðilegur. Þetta hafi verið mikið áfall fyrir starfsfólkið og það man þessa atburði enn vel. Einnig hafi þetta verið eins konar eldskírn trúnaðarmannsins. „Þetta var erfiður tími í sögu fyrirtækisins. Alls staðar voru skorin niður störf. Fólk man þennan tíma sem svart tímabil í sögu þess. Fólk var á nálum yfir því að fá uppsögnina og enginn vissi hver yrði látinn taka pokann sinn næst. Að þessum uppsögnum var aðdragandi og því gat fólk að einhverju leyti vitað á hverju það átti von, en þetta tók á, þetta var erfitt þá og er enn erfitt fyrir fólk í dag. Við sem vorum trúnaðarmenn vorum boðuð á samráðsfundi og mikið mæddi á okkur. Trúnaðarmenn fyrirtækisins vissu af

yfirvofandi uppsögnum en aldrei hvenær af þeim yrði. Svo kom dagurinn. Allir voru beðnir um að vera inni á vinnustaðnum og svo var fólki tilkynnt hver staðan væri. Fólki var greint frá þeim erfiðleikum sem fyrirtækið stóð frammi fyrir og taka yrði erfiðar ákvarðanir með niðurskurði á störfum innan þess. Okkur fannst ágætlega að þessu staðið af þeirra hálfu þrátt fyrir allt. Starfsfólk fékk styrki til að sækja sér aðstoð við að finna sér nýtt starf, það fékk lengri uppsagnarfrest miðað við starfsaldur umfram kjarasamning og því var boðið sálfræðiaðstoð. Það var reynt að standa að þessu með eins sanngjörnum hætti og hægt var," segir Ingibjörg Sif alvarleg í bragði.

Laun á milli markaða ójöfn

En hvers vegna er Ingibjörg Sif að starfa fyrir stéttarfélag og hvað er það sem drífur hana til þessa starfa? Hún segist hafa leiðst út í þetta. Fyrst sem trúnaðarmaður, hafi svo komið

inn í stjórn sem ritari og síðar var hún beðin um að taka sér varaformennsku hjá Sameyki. Hún segir að áhuginn á launamálum tengist líka sínum vinnustað mikið. „Á þessum vinnustað miðast launin við kjörin á almenna vinnumarkaðnum en ekki opinbera markaðnum. Í grunninn miðast launin við kjarasamninginn sem Sameyki gerir við Orkuveituna. Orkuveitan býður eftir að SA semji og þá hefst samtalið um kjarasamningana við Sameyki. Það er launamunur á milli launamarkaða, hann er augljós og hallar þar á opinbera launamarkaðinn. Opinberir starfsmenn gáfu eftir lífeyrisréttindi til að jafna launamuninn. Það hefur ekki skilað sér nógu hratt til baka. Einnig sér maður í starfi sínu fyrir stéttarfélagið oft á tíðum hvernig stofnanir og sveitarfélögin hafa viljandi eða óviljandi gengið á rétt launafólks með t.d. tímabundnum launaniðurskurði sem í sumum tilfellum skilar sér aldrei til baka, þá skiptir máli hvernig málin eru kynnt fyrir opinberum starfsmönnum. Starfsmatið hefur svo skilað, í sumum tilfellum, launahækkununum til baka en enn er langt í land að laun séu jöfn á milli markaða," segir hún.

Sameyki sterk heild

Þegar óskað var eftir því að Ingibjörg Sif tæki að sér varaformennsku Sameykis hugsaði hún sig vel um. Henni hugnaðist það ekki í fyrstu þegar hún leit á alla harðjaxlana í stéttarfélaginu þar sem henni leist betur á að þeir tækju að sér varaformennskuna. „Fyrst sagði ég bara nei. Það eru aðrir reynslumeiri en ég í hópnum sem gætu sinnt þessu starfi betur en ég, og koma frá vinnustöðum sem eru í harðari stéttarfélagsbaráttu en ég þekki frá mínum vinnustað. En svo vega sum atriði þungt á móti, t.d. að ég kem sveitarfélagsmegin

> Einnig sér maður í starfi fyrir stéttarfélagið oft á tíðum hvernig stofnanir og sveitarfélögin hafa viljandi eða óviljandi gengið á rétt launafólks með t.d. tímabundnum launaniðurskurði sem í sumum tilfellum skilar sér aldrei til baka, þá skiptir máli hvernig málin eru kynnt fyrir opinberum starfsmönnum.

frá en Þórarinn Eyfjörð ríkismegin, svo er það einnig veigamikið að gætt sé að kynjahlutfallinu. Þannig endurspegla formaður og varaformaður ríkið og sveitarfélögin í Sameyki og síðan er líka verið að passa upp á að félagið endurspegli ákveðinn þverskurð félagsmanna Sameykis. Ég var ritari áður en nú varaformaður og það er gott að hafa þetta hlutverk og láta gott af sér leiða á þessum vettvangi," segir Ingibjörg Sif.

Henni líst mjög vel á framtíðina hjá Sameyki. Eftir sameininguna hafi félagið orðið sterkari heild, það er sýnilegra félagsmönnum og almenningi. Hlutverk þess er markvissara og það sem mikilvægast er; það er samningslega miklu sterkara. „Störfin á skrifstofunni hafa líka breyst, starfsfólkið getur betur sinnt því sem það er sérhæft í og hleypur síður í óskyld verkefni, fólk

„Þekking almennings á stéttarfélögum mætti vera betri því það þekkist vel að fólk les ekki einu sinni launaseðlana sína og þekki ekki réttindi sín t.d. að sækja um styrki hjá stéttarfélaginu sínu eða sinn veikindarétt og orlofsrétt.“

þarf ekki lengur að vera sérfræðingar í öllu, og það gerir félagið sterkara. Mér finnst Þórarinn leiða starfið á skrifstofunni mjög vel. Hann hefur mjög mikla reynslu af kjaramálum almennt og er mikill reynslubolti sem þekkir viðsemjendur sína vel. Það er nauðsynlegt að hafa þessa reynslu sem hann hefur í svona stóru stéttarfélagi sem Sameyki er og ánægjulegt að vera með honum í þessu þó að lítið mæði á varaformanninum í þessu samhengi,“ segir hún.

Upplýsingin er mikilvæg

Þegar varaformaður Sameykis, Ingibjörg Sif, er spurð út í hvernig hún sjái framtíð stéttarfélagsins fyrir sér svarar hún því til að það þurfi bæði að sækja fram og standa vörð um þau réttindi sem þegar hafa náðst. Þá er nauðsynlegt að minnast réttindanna sem opnberir starfsmenn gáfu eftir svo jafna mætti laun á milli markaða. „Unga fólkið okkar þarf að fræðast um réttindi sem þau eiga þegar þau fara út á vinnumarkaðinn. Sýnileiki stéttarfélaga skiptir þar miklu máli og unga fólkið þarf að fá vitneskju um hvernig réttindi launafólks eins og við þekkjum þau í dag náðust fram, að það var barátta fólksins sem á undan gekk sem skilaði okkur þeim réttindum sem við njótum í dag. Áfram heldur þó baráttan fyrir launafólk í landinu því nauðsynlegt er að verja þau réttindi sem þegar hafa náðst því það er ekki sjálfsagt mál í dag að þau haldist annars. Þekking almennings á stéttarfélögum mætti vera betri því stundum les fólk ekki einu sinni launaseðlana sína og þekkir ekki réttindi sín, eins og t.d. að sækja um styrki hjá stéttarfélaginu sínu eða veikinda- og orlofsrétt. Auka þarf fjármálalæsi ungs fólks og upplýsa það almennt séð.

Það þarf að verja réttindin svo þau tapist ekki

Að lokum, hvað segir Ingibjörg Sif um hvar skuli sækja fram í baráttu launafólks? „Sko, við þurfum fyrst að verja það sem við höfum, félagið er alltaf á tánum við að verja fengin réttindi. Það er aðal baráttan, að missa ekki það sem þegar hefur áunnist og einnig er mjög brýnt að jafna laun á milli markaða og milli kynja. Fyrrum formaður Sameykis, Árni Stefán Jónsson, hefur staðið sig vel í því að halda áfram baráttunni um að jafna laun á milli markaða. Það þarf slíka baráttujaxla eins og hann og Þórarinn til að fylgja þessari baráttu eftir svo réttindi sem samið var um nái fram að ganga en tapist ekki. Sókn er besta vörnin! ■

STANZ
VERKFALLSVERÐIR!



Ljósmyndin er eftir Jón Bjarnason, fyrrverandi blaðamanns á Þjóðviljanum.



Árið er 1955 í janúarmánuði. Verkalýðsfélögin leggja áherslu á félagsleg réttindi en pólitískir straumar ráðast af andrúmsloftinu eftir stríðið. Húsnæðiskreppa er í Reykjavík og um 2300 bæjarbúa búa í 543 bröggum við slæman aðbúnað. Reykjavík er í herkví, skipahafnir eru lokaðar og vegatálmar eru settir upp til að loka leiðum til borgarinnar með skiltum sem á stendur stórum stöfum STANZ - VERKFALLSVERÐIR! Smygl er daglegt brauð og til átaka kemur við vegatálmanirnar. Heimili eru nánast matarlaus.

Pólarnir var nafn á bráðabirgðahúsnæði sem Reykjavíkurborg reisti á árunum 1916-1918 sunnan við Laufásveg fyrir fátækt fólk. Búið var í Pólunum mun lengur en upphaflega stóð til og voru þeir ekki rifnir fyrr en árið 1965. Í leiðargrein Þjóðviljans 1955 um framgöngu Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálunum sagði m.a.: „Þannig koma ekki aðrir fram undir neyðarkringumstæðum en þeir sem eru fulltrúar menningarsnauðrar og spilltrar auðstéttar, sem hefur glatað því mannlega eðli að finna til með meðbræðrum sínum og vilja rétta hjálparhönd á neyðarstund. Það er kannski táknrænt að sjálfum sér kjósa þessir sömu fulltrúar ekki lakari hlut í húsnæðismálum en svo, að þeim þykir fært og tilhlýðilegt að fóðra íbúðir sínar innan með silki!“ *Ljósmynd/ Karl Christian Nielsen*

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Jón Bjarnason, Karl Christian Nielsen og úr safni ASÍ

Heimildamyndin Korter yfir sjö segir frá verkfallinu 1955 í Reykjavík sem var eitt harðvítugasta verkfall í sögu landsins. Verkalýðsfélögin lögðu áherslu á félagsleg réttindi en pólitískir straumar réðust oft af kalda stríðinu. Reykjavík var sett í herkví, hafnir lokaðar og vegatálmanir settar upp við alla vegi til borgarinnar með skiltum sem á stóð stórum stöfum STANZ - VERKFALLSVERÐIR. Í þessu verkfalli lagði verkalýðshreyfingin grunninn að því velferðarkerfi eins og við þekkjum það í dag.

Smygl til borgarinnar var daglegt brauð

Oft var hart tekist á, bæði á götum úti og í fjölmiðlum, og varð borgin mjólkurlaus, kaffilaus og bensínlaus í nærri sex vikur. Verkfallsverðir tóku olíuskip í gíslingu til að stöðva dælingu úr þeim í Keflavík, úti á Faxaflóa og inni í Hvalfirði. Líkkistur voru meðal annars notaðar undir smygl á vörum til borgarinnar. Smygl var daglegt brauð og oft kom til átaka við vegatálmanirnar en mörg heimili voru þó nánast matarlaus áður en yfir lauk. Heimildarmyndin segir einnig frá aðdraganda verkfallsins sem hafði víðtæk áhrif á íslenskt samfélag fram eftir 20. öldinni, upprisu verkalýðs og vaxandi og litríku menningar- og mannlífi borgarinnar sem einkenndist af innflutningi á áður óséðum munaði frá Bandaríkjunum en einnig af braggahverfum og mikilli fátækt sem þar var. Aldrei hefur Reykjavíkurborg búið við slíkt umsátursástand. Verkalýðshreyfingin var staðráðin í að knýja fram kauphækkanir og loforð stjórnvalda um lögbindingu atvinnuleysistrygginga.

Che Guevara síns tíma

Guðmundur Jóhann Guðmundsson oft nefndur Guðmundur Jaki eða Gvendur Jaki sem hóf störf árið 1953 hjá Verkamannafélaginu Dagsbrún stjórnaði víða verkfallsaðgerðunum og var þá aðeins 28 ára gamall. Flokksblað Sjálfstæðisflokksins teiknaði upp af honum þá ímynd að hann væri eins konar sérílenskur Che Guevara síns tíma. Dagblöðin voru full af fréttum á hverjum degi af verkfallsaðgerðum og viðbrögðum stjórnvalda við þeim ásamt skömmum og ásökunum. Mörgum árum síðar, í sjónvarpsviðtali, lýsti Guðmundur J. huga sínum á ástandinu sem ríkti í húsnæðis-

og atvinnumálum hjá verkafólki á þessum tíma þannig: „Það sem mótar mann er hatrið á atvinnuleysinu, misréttinu, fátæktinni og svo þessum ömurlegu húsakynnum. Maður fór að hata þetta ástand.“

Í leiðaraskrifum Þjóðviljans 22. janúar 1955 undir fyrirsögninni Hræsninni engin takmörk sett sagði: „Sú var tíðin að Sjálfstæðisflokkur íslenzku auðstéttarinnar og braskaranna var ekkert að fara í launkofa með afstöðu sína til framfara- og menningarmála. Hann barðist hart og opinskátt gegn öllum hagsmunamálum vinnandi fólks og sýndi hverskonar umbótaviðleitni fullan fjandskap.“ [...] „Þannig koma ekki aðrir fram undir neyðarkringumstæðum en þeir sem eru fulltrúar menningarsnauðrar og spilltrar auðstéttar, sem hefur glatað því mannlega eðli að finna til með meðbræðrum sínum og vilja rétta hjálparhönd á neyðarstund. Það er kannski táknrænt að sjálfum sér kjósa þessir sömu fulltrúar ekki lakari hlut í húsnæðismálum en svo, að þeim þykir fært og tilhlýðilegt að fóðra íbúðir sínar innan með silki!“

Íslendingum ber að verja frelsi sitt með vinnu

Á þessum tíma var Ólafur Thors forsætisráðherra landsins og höfðaði hann í áramótaávarpi sínu til sjálfstæðis þjóðarinnar, sem birt var í sjónvarpinu og Morgunblaðinu, og þegar Ísland var

Stúlkubarn lítur í linsu ljósmyndarans í einu af braggahverfunum í Reykjavík þar sem börn er að leik.

numið af þeim sem flúðu boð og bönn sinna höfðingja í Noregi; landnámsmenn sem þráðu frelsi og sjálfstæði. Fór hann yfir sögu lands og þjóðar og brýndi fyrir landsmönnum að ekki væri hægt að krefjast meira en þjóðin aflaði. „Ég er að minna á söguna vegna þess, að sú þjóð er rík og á að vera hamingjusöm, sem á sér sögu íslendinga og kann á henni þau skil, sem vér gerum. Ég er að minna á söguna vegna þess, að hún á að verja oss falli, en nú kenna sumir þess kvíða, að íslendingar muni glata fjárhagslegu sjálfstæði sínu, en þá sé einnig frelsinu hætt, og veit þá enginn hvað við tekur.“

Þannig varaði forsætisráðherrann m.a. við kröfum verkafólks um betri kjör og lauk þeim með varnaðarorðunum: „Ég lýk þeim [hugleiðingunum] með því að biðja þá, sem á mig hlýða að hugleiða

Aðalatriði hins almenna samkomulags sem náðist að lokum voru þessi:

1. **10% grunnkaupshækkun eða kauphækkun samtals, er verði í formi grunnkaupshækkunar og afnáms vísitöluskerðingar, þar sem grunnkaup er svo hátt, að það hafi lotið vísitöluskerðingu.**
2. **Orlofsfé hækki um 1%.**
3. **Sérstök greiðsla frá atvinnurekendum vegna sjúkradaga eða sjúkrakostnaðar, 1%. Þetta nær til hinna lægst launuðu verkamanna.**
4. **Stofnun atvinnuleysistryggingasjóðs, en í hann renni frá 1. júní 1955 sem svarar:**
   a) Frá atvinnurekendum 1% af almennu dagvinnukaupi Dagsbrúnarverkamanns fyrir unninn tíma miðað við 48 stunda vinnuviku.
   b) Frá ríkissjóði 2% með sama hætti.
   c) Frá sveitar- og bæjarsjóðum 1% með sama hætti.
5. **Samningarnir gilda til 1. júní 1956, og er þar með tryggður vinnufriður í rúmt ár.**
6. **Næturvinna sé reiknuð frá kl. 19,45 í stað kl. 20 áður.**

aðvaranir mínar. Ég geri það vegna þess, að ég held, að það sé satt, sem ég hefi sagt, og af því, að ef illa fer, er a. m. k. hugsanlegt, að í húfi séu verðmæti, sem margir íslendingar vildu heldur verja með lífi sínu en glata. Íslendingar hafa ekki þurft að greiða frelsi sitt með blóði. En þeim ber heilög skylda til að verja það með vinnu.“

Þann 29. apríl 1955 lauk verkfallinu sem hafði staðið í sex vikur. Fjölmiðlar greindu frá því að verkfallinu hefði verið frestað og náðst hefði samkomulag milli deiluaðila. ■

Heimildarmyndin skartar kvikmyndabútum og ljósmyndum sem ekki hafa komið fyrir sjónir almennings síðan 1955 og fangar hún vel stemningu borgarinnar á umbrotatímum. Leikstjóri kvikmyndarinnar er Einar Þór Gunnlaugsson og handritshöfundar eru Sigurður Pétursson og Einar Þór Gunnlaugsson. Myndin verður sýnd á RÚV en mögulegt er að fá hana sýnda í menntaskólum landsins.

Heimildir: Sjónvarpið, Þjóðviljinn, Morgunblaðið, heimildarmyndin Korter yfir sjö, Undir bárujárnsboga, Tíminn, ASÍ, Dagsbrún stéttarfélag.

B eða ekki B:

Lífeyrir og hið opinbera

Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna á sér langa sögu og er mun eldra að stofni til en kerfið á almenna vinnumarkaðinum. LSR er rétt ríflega 100 ára, stofnaður í nóvember 1919. Hann hét í fyrstu Lífeyrissjóður embættismanna og eins og nafnið gefur til kynna þjónaði hann þá eingöngu þeim sem töldust embættismenn, þ.e. æðstu stjórnendum ríkisins. Þeir höfðu raunar haft nokkur eftirlaunaréttindi áður, sem þá voru greidd beint úr ríkissjóði. Ekkjur embættismanna höfðu einnig rétt á lífeyri.

Eftir Gylfa Magnússon

Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna á sér langa sögu og er mun eldra að stofni til en kerfið á almenna vinnumarkaðinum. LSR er rétt ríflega 100 ára, stofnaður í nóvember 1919. Hann hét í fyrstu Lífeyrissjóður embættismanna og eins og nafnið gefur til kynna þjónaði hann þá eingöngu þeim sem töldust embættismenn, þ.e. æðstu stjórnendum ríkisins. Þeir höfðu raunar haft nokkur eftirlaunaréttindi áður sem þá voru greidd beint úr ríkissjóði. Ekkjur embættismanna höfðu einnig rétt á lífeyri. Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna var síðan víkkað út fyrir sífellt fleiri og 1944 var nafninu breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, LSR. Starfsmenn sveitarfélaga voru þá einnig margir hverjir komnir með einhver réttindi sem voru nokkuð misjöfn eftir sveitarfélögum.

Almannatryggingakerfi, þ.e. gegnumstreymiskerfi sem byggir ekki á sjóðsöfnun heldur er skattfé veitt til bótaþega, var síðan formlega komið á 1936 til að tryggja framfærslu þeirra sem ekki gátu unnið vegna elli og örorku. Almennu lífeyrissjóðakerfi með sjóðsöfnun var hins vegar ekki komið á fyrr en 1969, þótt einstaka starfstengdir lífeyrissjóðir séu eldri. Ekki var skylduaðild að því kerfi fyrir launþega fyrr en 1974 og fyrir sjálfstætt starfandi frá 1980. Sjóðsöfnunin varð þó afar takmörkuð fyrstu árin þar eð eignir sjóðanna brunnu nánast jafnharðan upp í mikilli verðbólgu. Sjóðsöfnun hófst ekki að neinu marki fyrr en á níunda áratugnum þegar vextir voru gefnir frjálsir í áföngum og framboð á verðtryggðum skuldabréfum jókst verulega. Nokkru síðar fóru sjóðirnir einnig að geta keypt hlutabréf, fyrst innlend og svo erlend eftir innleiðingu EES samningsins.

Greiðslur úr sjóðnum fara eftir hvernig til tekst

Í bæði opinbera kerfinu og almenna kerfinu safna launþegar réttindum en lengst af var það gert með mjög mismunandi hætti. Í opinbera kerfinu voru réttindin tryggð af launagreiðanda, þ.e. ríki, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra, en á almennum vinnumarkaði var engin slík ábyrgð. Þar var samið í kjarasamningum um tiltekið iðgjald, skipt á milli launagreiðanda og launþega, sem rann í sameiginlegan sjóð. Greiðslur úr sjóðnum fóru svo eftir því hvernig til tókst með ávöxtun iðgjalda, langlífi sjóðfélaga, örorkutíðni og fleiri þáttum. Í opinbera kerfinu byggðust réttindi upp

jafnt og þétt, óháð aldri launþega, en í almenna kerfinu var réttindaávinnslan aldurstengd, þ.e. iðgjöld ungs fólks vógu þyngra en iðgjöld eldra fólks, vegna þess að þau fyrrnefndu áttu alla jafna eftir að ávaxtast lengur.

Margs konar munur á milli A og B deilda

Viðamiklar breytingar voru síðan gerðar á bæði opinbera kerfinu og almenna kerfinu 1997. Þá var m.a. LSR skipt í tvær deildir, A og B. A deildin var ný en B deildin var látin halda utan um alla sem höfðu greitt í sjóðinn fyrir breytinguna og völdu að láta ekki að færa sig yfir í nýju deildina. Á þessum deildum er margs konar munur, m.a. byggja réttindi í B deildinni eingöngu á föstum launum en í A deildinni heildarlaunum, líkt og á almenna vinnumarkaðinum. Ýmis önnur sérkenni lífeyriskerfis opinbera starfsmanna héldu sér hins vegar í A deildinni, m.a. ábyrgðist launagreiðandi lífeyri og réttindaávinnsla var óháð aldri. Því var svo breytt um mitt ár 2017 með mjög flóknum hætti. Breytingarnar 2017 gerðu A deildina um flest sambærilega lífeyrissjóði á almenna vinnumarkaðinum fyrir nýja félaga en eldri félagar misstu sumir ábyrgð launagreiðanda á lífeyrisgreiðslum á meðan aðrir gerðu

“

Í opinbera kerfinu byggðust réttindi upp jafnt og þétt, óháð aldri launþega, en í almenna kerfinu var réttindaávinnslan aldurstengd, þ.e. iðgjöld ungs fólks vógu þyngra en iðgjöld eldra fólks, vegna þess að þau fyrrnefndu áttu alla jafna eftir að ávaxtast lengur.

það ekki. Auk þess var sett upp flókið kerfi til að geta haft í sama sjóði bæði félaga með aldurstengda réttindaávinnslu og þá eldri sem verða áfram með aldursóháða réttindaávinnslu.

A deildin hefur allt frá 1997 verið nokkurn veginn fullfjármögnuð, þ.e. eignir og framtíðariðgjöld eiga að geta staðið undir framtíðarlífeyri. Í lok síðasta árs voru heildareignir A deildarinnar 862 milljarðar, sem hafa safnast upp frá árinu 1997.

B deildin á þó talsverðar eignir, 284 milljarða í lok síðasta árs. Það dugar hins vegar engan veginn fyrir öllum skuldbindingum sem voru metnar 1.002 milljarðar á sama tíma. Auk þess þarf að greiða rekstrarkostnað sjóðsins í framtíðinni. Mismuninn munu launagreiðendur, fyrst og fremst ríkið, þurfa að greiða á næstu áratugum.

B deildin aldrei verið fullfjármögnuð

B deildin hefur hins vegar aldrei verið fullfjármögnuð og endurspeglar þannig þá nálgun að vinnuveitandi annist og ábyrgist lífeyrisgreiðslur starfsmanna sinna. B deildin á þó talsverðar eignir, 284 milljarða í lok síðasta árs. Það dugar hins vegar engan veginn fyrir öllum skuldbindingum sem voru metnar 1.002 milljarðar á sama tíma. Auk þess þarf að greiða rekstrarkostnað sjóðsins í framtíðinni. Mismuninn munu launagreiðendur, fyrst og fremst ríkið, þurfa að greiða á næstu áratugum. Ekki er fyllilega ljóst hve langan tíma það mun taka en þar eð B deildin hefur verið lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum í nær aldarfjórðung mun síðasti sjóðfélaginn (eða ekkja eða ekkill hans) á endanum falla frá og þá verður hægt að loka sjóðnum.

Þessum skuldbindingum er raunar skipt í tvennt í framkvæmd. Launagreiðendur endurgreiða sjóðnum mánaðarlega þann hluta lífeyris sem er umfram fyrstu greiðslu lífeyris fyrir fyrrverandi starfsmenn sem komnir eru á lífeyri. Þannig greiða launagreiðendur sífellt hærri hluta lífeyris starfsmanna eftir því sem lengra er liðið frá því taka lífeyris hófst. Framtíðargreiðslur vegna þessa voru metnar á 539 milljarða um síðustu áramót. Það dugar þó ekki til og er áætlað að ríkið þurfi að leggja fram um 202 milljarða til viðbótar að núvirði áður en sjóðnum verður lokað. Samtals vantaði því um síðustu áramót um 741 milljarð í B deild LSR þannig að hún gæti óstudd staðið undir öllum skuldbindingum. B deild Brúar (áður Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga) og lífeyrissjóðir starfsmanna, annars vegar Reykjavíkurborgar og hins vegar vegar Akureyrarbæjar, eru einnig með ábyrgð launagreiðanda og ekki fjármagnaðir nema að hluta. Upphæðirnar sem upp á vantar þar eru miklu lægri en hjá B deild LSR. Þeir sjóðir eru líka lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum. Samtals vantaði sjóði með ábyrgð launagreiðanda 854 milljarða um síðustu áramót til að eiga fyrir skuldbindingum.

Þótt mikið vanti upp á að nokkrir lífeyrissjóðir með ábyrgð launagreiðanda eigi fyrir skuldbindingum þá er það vandamál launagreiðanda, ekki launþega. Þeir síðarnefndu eru búnir að gera sitt, bæði skila vinnu og iðgjöldum. Stærst er áskorunin vegna þessa hjá ríkissjóði og þar með skattgreiðendum sem munu þurfa að greiða á næstu áratugum fyrir vinnu sem opinberir starfsmenn eru fyrir löngu búnir að inna af hendi.

Ríki og sveitarfélög eiga von á bættri afkomu á næstu áratugum

Þegar lífeyriskerfið er skoðað í heild snýst dæmið hins vegar við. Ríki og sveitarfélög eiga von á verulega bættri afkomu á næstu áratugum, bæði vegna þeirrar skattfrestunar sem er innbyggð í sjóðsöfnunarkerfið og vegna tekjutenginga greiðslna í gegnumstreymishluta lífeyriskerfisins, þ.e. Tryggingastofnun. Samtals námu eignir lífeyrissjóða um síðustu áramót um 5.727 milljörðum króna og höfðu í lok september á þessu ári vaxið í 6.445 milljarða. Til viðbótar eiga landsmenn um 300 milljarða í séreign utan lífeyrissjóða. Allt þetta fé er óskattlagt. Hvorki er innheimtur tekjuskattur né útsvar af iðgjöldum í lífeyrissjóði en það er hins vegar gert þegar lífeyrir er greiddur, þ.e. séu tekjur umfram skattleysismörk. Þegar kynslóðir sem fá hærri lífeyrisgreiðslur en nú tíðkast fara smám saman á eftirlaun munu því skatttekjur bæði ríkis og sveitarfélaga vaxa. Það er erfitt að áætla hve mikið en það er deginum ljósara að heildarupphæðin sem mun á endanum skila sér verður mun hærri en það sem greiða þarf vegna vanfjármagnaðra lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Jafnframt mun hagur ríkissjóðs batna töluvert vegna lægri greiðslna úr gegnumstreymishlutanum. Það er einnig ógjörningur að meta hve mikið mun muna um það því að það fer m.a. eftir pólitískum ákvörðunum í framtíðinni um upphæð bóta og tekjutengingar.

Það er svo annað mál að bæði ríki og sveitarfélög munu þurfa á þessum skatttekjum að halda þegar líða tekur á öldina og sífellt lægra hlutfall landsmanna verður á vinnumarkaði vegna lýðfræðilegra breytinga. Þeir landsmenn sem verða horfnir af vinnumarkaði vegna aldurs verða fyrirsjáanlega smám saman sífellt hærra hlutfall íbúa landsins og aðrir þurfa að framleiða þær vörur og þá þjónustu sem þeir neyta. Það verður mikil áskorun fyrir samfélagið allt, ekki bara skattgreiðendur og þá sem halda utan um fjármál hins opinbera. ■

Höfundur er prófessor í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Gul verkalýðsfélög

Lævís þau í leyni liggja

Eftir Sigurð Pétursson

Gul verkalýðsfélög eru félög sem eru stofnuð og starfa undir hæl atvinnurekenda, gera aldrei alvarlegan ágreining við eigendur fyrirtækja og afrita samninga annarra verkalýðsfélaga án þess að leggja nokkuð til baráttunnar.

Gul verkalýðsfélög eiga sér langa sögu. Þau komu fyrst fram í Frakklandi snemma á 19. öld, undir merkjum kristilegrar stéttasamvinnu, neituðu að taka þátt í aðgerðum gegn fyrirtækjaeigendum og voru skjól fyrir verkfjallsbrjóta. Nafnið kemur frá verkfalli verksmiðjufólks í Frakklandi sem brutu rúður í verksmiðju, þar sem verkfallsbrjótar voru að störfum. Gluggar verksmiðjunnar voru þá huldir með gulum pappa, til að ekki sæist hvað gerðist innan veggja. Guli liturinn festist á þá sem svikust undan merkjum verkalýðsbaráttunnar.

Gul verkalýðsfélög eru ein leið til að halda aftur af samtakamætti þeirra sem selja vinnuafl sitt. Önnur aðferð til að vinna gegn samtakamyndun og réttindabaráttu vinnandi fólks er starfsemi félagabrjóta. Félagabrjótar eru þeir sem í krafti efnahagslegs og samfélagslegs valds vinna gegn stofnun og starfsemi frjálsra verkalýðssamtaka. Félagabrjótar eru náskyldir verkfallsbrjótum og lögbrjótum enda orð og gjörðir þeirra lík. Félagabrjótar hafa verið til allt frá því launafólk tók að mynda samtök gegn ofurvaldi atvinnurekenda og þeir hafa orðið meira áberandi í seinni tíð. Félagabrjótar og gul verkalýðsfélög eiga það sameiginlegt að vinna gegn réttindum og stöðu stéttarfélaga í samfélaginu. Þau eru tæki til að verja og tryggja einokun atvinnurekendavalds í efnahagslífi og stjórnmálum.

Hunsun og ofsóknir

Á árum áður notuðu atvinnurekendur vald sitt til að koma í veg fyrir stofnun verkalýðsfélaga eða brjóta niður félög sem stofnuð voru. Þrjár leiðir voru áberandi. Í fyrsta lagi að hunsa tilveru félaganna,

> “Gul verkalýðsfélög eru ein leið til að halda aftur af samtakamætti þeirra sem selja vinnuafl sitt. Önnur aðferð til að vinna gegn samtakamyndun og réttindabaráttu vinnandi fólks er starfsemi félagabrjóta.

neita öllum samningum, og bægja forsprökkum þeirra frá vinnu og svipta þá þannig afkomu sinni. Í öðru lagi, að senda fulltrúa sína inn á fundi félaganna með gylliboð og viðvaranir til að koma í veg fyrir að félögin gengju í Alþýðusamband Íslands eða önnur heildarsamtök. Í þriðja lagi, ef hin tvö ráðin dugðu ekki, að stuðla að stofnun auðsveipra félaga, til að sundra samstöðu vinnandi fólks.

Þegar verkafólk og sjómenn á Ísafirði sameinuðust í fjölmennu verkalýðsfélagi árið 1906, brugðust stærstu atvinnurekendurnir í bænum við með því að hunsa félagið og neita öllum kröfum þess um bætt kjör. Þegar verkafólk gerði verkfall var það rekið úr vinnu, unglingar og utanbæjarmenn ráðnir í staðinn og verkfallið brotið á bak aftur.

Þegar verkafólk í Súðavík stóð að stofnun félags til varnar

hagsmunum sínum árið 1928, var forystumönnum þess gert ókleyft að fá vinnu í plássinu. Leituðu þeir þá til skólastjórans í Þorpinu, Hannibals Valdimarssonar, um að taka við forystu félagsins. Það var upphafið af gifturíkum ferli hans sem verkalýðs- og stjórnmálaleiðtoga. Hann var eini opinberi starfsmaðurinn í Þorpinu og því ekki háður atvinnurekendum á staðnum um afkomu og atvinnuöryggi.

Útsendarar á ferð

Annað ráð atvinnurekenda og félagabrjóta er að hlutast til um starf stéttarfélaga með beinni íhlutun í innra starf þeirra. Oft var það gert með útsendurum, sérstökum fulltrúum atvinnurekanda, sem báru fram sjónarmið þeirra á fundum félaganna. Grímur Jónsson kaupmaður í Súðavík bauðst til þess að ganga að öllum kröfum verkalýðsfélagsins, ef það gengi ekki í Alþýðusamband Íslands. Á Hólmavík og Borðeyri í Strandasýslu og víðar þar

> Þriðja og langlífasta aðferðin til að brjóta niður stéttarfélög er að stofna velviljuð eða auðsveip félög til höfuðs almennum verkalýðsfélögum. Stundum eru þessi félög sögð „óháð“, en það er mikið rangnefni þar sem þau eiga alla tilvist sína undir náð atvinnurekendans.

sem samvinnuhreyfingin var sterk, mættu kaupfélagsstjórarnir á fundi félaganna og létu í ljós þá skoðun að óþarfi væri að stofna stéttarfélag þar sem allir væru í kaupfélaginu.

Gul verkalýðshreyfing

Þriðja og langlífasta aðferðin til að brjóta niður stéttarfélög er að stofna velviljuð eða auðsveip félög til höfuðs almennum verkalýðsfélögum. Stundum eru þessi félög sögð „óháð“, en það er mikið rangnefni þar sem þau eiga alla tilvist sína undir náð atvinnurekandans. Þess vegna eru þau „gul verkalýðsfélög“. Þau starfa undir „verndarvæng“ atvinnurekenda og fá án fyrirhafnar og án átaka þær réttindabætur sem almennu félögin ná fram með baráttu og fórnum. Atvinnurekendur reyndu á árum áður að stofna gul verkalýðsfélög til höfuðs almennum verkalýðsfélögum, svo sem á Ólafsvík og í Bolungarvík. Ekki urðu þessi félög langlíf. Þau misstu tilgang sinn þegar alvöru verkalýðsfélög sönnuðu tilveru sína í heildarsamtökum.

Eftir að lög um stéttarfélög og vinnudeilur voru sett á Íslandi árið 1938 var skipulagi og reglu komið á almennan vinnumarkað. Réttindi og skyldur verkalýðsfélaga voru skilgreind og staða þeirra gagnvart atvinnurekendum tryggð. Starfsemi félagabrjóta hurfu þá að mestu úr sögunni, í bili.

Ný kynslóð félagabrjóta

Á síðustu árum og áratugum hefur starfsemi félagabrjóta og gulra verkalýðsfélaga orðið áberandi víða um lönd. Starfsemi félagabrjóta hefur verið mjög áberandi í Bandaríkjunum og sérstök ráðgjafafyrirtæki sprottið upp sem þjóna fjölþjóðlegum stórfyrirtækjum með „sérfræðingum“ sem beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir stofnun sjálfstæðra verkalýðsfélaga og brjóta niður hefðbunin frjáls stéttarfélög. Starfsemi þessara félagabrjóta hefur nú breiðst út um Evrópu og atvinnurekendur sækja sífellt meir í smiðju þeirra.

Gul verkalýðsfélög, stofnuð með velvilja og jafnvel að undirlagi atvinnurekenda, hafa haslað sér völl í löndum Evrópu með nýjum krafti. Í Danmörku hafa slík félög náð til sín um fimmtungi alls launafólks á síðustu áratugum.

Þessum nýju aðferðum hefur einnig skolað hér á land. Nýtt gult stéttarfélag var stofnað fyrir nokkrum árum að undirlagi fyrrverandi formanns VR, sem valt úr þeim stóli í uppgjöri félagsmanna við fortíðina. Þetta er Félag lykilmanna, stofnað árið 2012. Félagið starfar í anda sambærilegra félaga sem stofnuð hafa verið á Norðurlöndunum. Þau standa utan heildarsamtaka launafólks og gera ekki ágreining við atvinnurekendur, en afrita samninga sem önnur félög ná, án þess að leggja nokkuð til baráttunnar sjálf.

Hefðbundin stéttarfélög flugmanna og flugfreyja hafa þurft að takast á við gul verkalýðsfélög í nokkur ár. Félög skráð í öðrum löndum „útvista“ starfseminni til að forðast kjarasamninga við íslensk stéttarfélög. Önnur fyrirtæki stofna eigin stéttarfélög og semja eingöngu við þau, án aðkomu starfsmanna, líkt og frægt er af fréttum af flugfélagi sem nefnir sig Play. Afleiðingin er niðurbrot og veiking hefðbundinna réttinda og kjara viðkomandi stétta.

Samstaðan virkar

Eina ráðið gegn þessari þróun er samstaða og félagslegur styrkur stéttarfélaganna. Það sanna dæmin. Á síðasta ári vakti samstaða félagsmanna í Flugfreyjufélagi Íslands verðskuldaða athygli þegar félagsmenn þess stóðu fast gegn hótunum forsvarsmanna Icelandair um að stofna gult stéttarfélag ef launalækkanir og afsláttur mikilvægra ráðningarskilmála yrðu ekki samþykktar. Flugþjónum tókst með mikilli samstöðu og stuðningi heildarsamtakanna að hrinda þessari grófu aðför að samningsrétti stéttarinnar.

Þannig eru félagabrjótar víða á ferðinni í íslensku samfélagi og full þörf á að vera á verði gagnvart þeim, hvar sem þeir birtast. Vald atvinnurekenda í samfélaginu er mikið bæði efnahagslegt og samfélagslegt. Samtök atvinnurekenda ráða yfir miklu fjármagni og virðast í æ ríkari mæli nýta sér „ráðgjöf“ og „aðstoð“ sérfræðinga á sviði lögfræði, almannatengsla og áróðurs, sem beita aðferðum félagabrjóta.

Ráðið gegn félagabrjótum er ætíð það sama. Samstaða vinnandi fólks um réttindi sín og kjör gegnum lögleg, frjáls og óháð stéttarfélög. Öflug stéttarfélög eru ein af undirstöðum velferðar og lýðréttinda í okkar landi. Því skal ekki sofna á verðinum, þegar lævís óvinur læðist að. ■

Höfundur er sagnfræðingur og framhaldsskólakennari



DAGBÓKIN 2022

Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að eignast dagbókina fyrir árið 2022 í stærðinni A6 geta pantað hana með því senda okkur tölupóst á sameyki@sameyki.is og óska eftir að fá eina slíka senda heim.

Einnig er hægt að hringja í Sameyki á skrifstofutíma á milli klukkan 09:00 – 16:00 alla virka daga í síma 525 8330 eða 525 8340.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU



Mikilvægt er heilbrigt vinnusamband við launafólk sem tryggir því sjálfsögð réttindi á vinnumarkaði. Norræna velferðarmódelið byggir nefnilega á því að á vinnumarkaði

Ertu giggari?

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir Sigurður Ólafur Sigurðsson

Árelía Eydís Guðmundsdóttir dósent við Háskóla Íslands og Herdís Pála Pálsdóttir framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og mannauðsstjóri hjá Deloitte á Íslandi sendu nýverið frá sér bókina Völundarhús tækifæranna. Þar fjalla þær um byltingu svonefndra giggara á vinnumarkaði eins og nú er í tísku að kalla verktaka.

Verktaki þá, giggari nú

Í Morgunútvarpinu á RÁS 2 var fjallað um fyrirbærið giggara og sögðu þær að orðið giggari virtist strjúka sumum öfugt og einhverjir ættu erfitt með að skilja hvað í því felist. „Við höfum verið að nota orðið verktaki og sjálfstætt starfandi en nú er komið orðið giggari," segir Herdís og lýsir giggi sem afmörkuðu tímasettu verkefni. „Það er vel skilgreint og hefur upphaf og endi, þannig að giggari er kannski eitthvað sem hefur verið til mjög lengi en við höfum kallað það annað. Sífellt eru að opnast fleiri möguleikar yrir giggara þar sem vinnuveitendur kjósa að þiggja þjónustu þeirra."

Niðurstöður Árelíu Eydísar og Herdísar Pálu sýna að ánægja ríkir meðal þeirra sem hafa giggað í afmörkuðum verkefnum í stað þess að vera í föstu starfi. „Menn voru búnir að ná að skapa sér öryggi og tekjuflæði, og eins og einn orðaði það: „Ég ræð hvar ég er hverja stund og hvað ég er að gera," segir Árelía um upplifun margra af svokölluðum „gigg-störfum".

Vinnuafl sem hilluvara

Í viðtalinu er vitnað í mikinn vöxt á giggurum sem njóta ekki sömu réttinda og launafólk á vinnumarkaði; í Bretlandi, Bandaríkjunum, Japan og víðar. Þarna ríkja viðhorf um að atvinnurekendur geti ráðið og rekið fólk á vinnumarkaði með sama hætti og venjulegt fólk verslar sér vöru úr hillu stórmarkaða. Enn fremur kom fram að þarna liggur vöxturinn á vinnumarkaði, í gerviverktöku. „15,2 prósent af evrópskum vinnumarkaði eru giggarar. Þarna liggur vöxturinn og við erum að halda því fram, og þeir sem eru að skoða vinnumarkaðinn, að þarna verðum við að mestu leyti eftir 10-15 ár og það er eins gott að við förum að undirbúa okkur," sagði Herdís Pála.

Ábyrgð atvinnurekenda engin

Giggari er það sem kallað er verktakar eða gerviverktakar. Hugtakið er gamalt og vinnufyrirkomulagið er mjög þekkt hér á landi sem og annars staðar í veröldinni. Því hefur verið haldið fram að verktakar, þ.e. þeir einstaklingar sem sinna verkefnum hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum án þess að vera á launaskrá njóti kjara og frelsis framyfir venjulegt launafólk en þegar betur er að gáð er það alls ekki raunin. Hætta er á að



ríki jafnivægi sem eykur velsæld allra þegar rétt er gefið. Á þessari samsettu ljósmynd hér að ofan er félagsfólk BSRB.

> Hætta er á að verktakar sem hafa starfað á sömu stofnuninni í áratugi við slíkt vinnusambandsfyrirkomulag án þess að greiða í sameiginlega sjóði launafólks hafi ekki nein réttindi á við vinnufélaga sem eru í ráðningarsambandi við vinnustaðinn.

verktakar sem hafa starfað á sömu stofnuninni í áratugi við slíkt vinnusambandsfyrirkomulag án þess að greiða í sameiginlega sjóði launafólks hafi ekki nein réttindi á við vinnufélaga sem eru í ráðningarsambandi við vinnustaðinn. Það er hrein og klár gerviverktaka og þeir sem eru í þeirri stöðu eru réttindalausir giggarar. Þegar kemur að því að gerviverktakinn fer á lífeyrisaldur er mikil hætta á því að hann falli í fátæktargildru. Hér er um að ræða vinnusamband þar sem verktakinn vinnur að ákveðnum verkefnum en nýtur engra réttinda. Að sama skapi ber atvinnurekandinn enga ábyrgð á þeim sem starfar fyrir hann í verktöku. Þannig verður gerviverktakinn, eða giggarinn, af réttindum sem annað launafólk nýtur; orlofsrétti, veikindarétti, lífeyrisrétti, styrkjum úr sjóðum stéttarfélaga og öðru sem fylgir því að vera í stéttarfélagi.

Norrænn vinnumarkaður fyrirmyndin

Það hljómar vel þegar maður er ungur að vinna eins og mann langar til. Taka frí þegar manni hentar og vera giggari. Vinna á kvöldin en ekki á daginn, jafnvel á nóttunni og þar fram eftir götum. Við þessu vinnusambandi giggarans og vinnuveitenda þarf að gjalda varhug. Samningar stéttarfélaga við vinnumarkaðinn er lykilþáttur í að tryggja að launafólk njóti mikilvægra réttinda á borð við þau sem nefnd eru hér að ofan. Ef til vill er orðið tímabært að tryggja réttindi giggaranna eða gerviverktakanna t.d. með því að treysta stöðu þeirra gagnvart atvinnurekendum þannig að þeir njóti sömu réttinda á vinnumarkaði eins og annað launafólk. Giggarar eru gerviverktakar sem hafa engin réttindi gagnvart vinnuveitanda og vinnuveitandi ber enga ábyrgð gagnvart þeim. Það er áhyggjuefni að talað sé fyrir slíku vinnusambandi. Mikilvægt er að koma á heilbrigðu vinnusambandi við launafólk og tryggja því sjálfsögð réttindi á vinnumarkaði. Norræna velferðarmódelið byggir nefnilega á því að á vinnumarkaði ríki jafnivægi sem eykur velsæld allra þegar rétt er gefið. Atvinnurekendur mega aldrei komast upp með það að umgangast launafólk eins og einnota hilluvöru. ■

Braghildur S. Little Matthíasdóttir segir að störf félagsins séu fjölbreytt og það standi að ýmsu félagsstarfi eins og fagfundum og ferðum á ráðstefnur heilbrigðisstarfsfólk í útlöndum. Hún segir að í stéttina vanti karlmenn.

Byrja að vinna klukkan fimm alla morgna

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmynd Birgir Íslefur Gunnarsson

Hún er formaður heilbrigðisritara og heitir Braghildur S. Little Matthíasdóttir og starfar sem heilbrigðisritari hjá LSH á sviði sem heitir sjúkra- og skjalaskrá. Braghildur er formaður Félags heilbrigðisritara sem er fagfélag heilbrigðisritara og var stofnað árið 2005 að frumkvæði Guðríðar Guðbjörnsdóttur. Við ætlum aðeins að kynnast formanni félagsins og forvitnast um ævi hennar og störf heilbrigðisritarans og áform félagsins.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem blaðamaður veltir fyrir sér nöfnum viðmælenda sinna. Braghildur, fallegt og sérstakt nafn sem vekur upp spurningar. Braghildur er sú eina sem heitir þessu nafni á Íslandi og er nafnið samansett af hjónum einum sem hétu Bragi og var læknir og konu hans Hildi. Þau voru í uppáhaldi hjá föðursystur hennar sem var hjúkrunarkona og starfaði með þeim, en hún fékk að ráða nafni Braghildar þegar kom að því að hún var skírð. „Þessu var skutlað saman í eitt nafn. Ég þekkti þetta fólk ekki, bara söguna, en það er stundum erfitt að heita svona einstöku nafni, því er líka breytt í allskonar önnur nöfn. Ég var ekki sátt við það að heita þessu nafni þegar ég var yngri en er mjög sátt við nafnið mitt í dag. Það er bara gaman að heita þessu nafni í dag," segir Braghildur og bætir því við að hún hafi tekið upp nafnið Little eftir eiginmanni sínum Ásgrími Ara Little Jósefssyni en móðir hans og tengdamóðir hennar hét Ruth Little sem var frá Englandi. „Ég kynntist henni þegar ég var átján ára þegar við Ari fórum að vera saman. Hún var yndisleg kona og var mér sem önnur móðir og því er mér kært að bera hennar nafn og börnin okkar hjóna bera það líka. Ég gat ekki fengið betri tengdaforeldra og við ræktum tengslin við England með því að heimsækja fjölskylduna þangað reglulega, þó að við höfum sleppt því í faraldrinum," segir Braghildur.

Framtíðin ráðin af Siggu Kling

Braghildur er frá Siglufirði þar sem hún ólst upp innan um fjöllin og hafið í stórum systkinahópi. Eftir grunnskólann fór hún á heimvistina á Eiðum og segir að það hafi heldur betur víkkað sjóndeildarhringinn að skipta um umhverfi sem var svo ólíkt æskulsóðunum á Siglufirði og kynnast nýju fólki. Ung fór hún út á vinnumarkaðinn og vann við hin ýmsu störf en svo kom hrunið 2007 og hún missti vinnuna. „Í hruninu 2007 missti ég vinnuna og ekki var um auðugan garð að gresja í þeim efnum. Ég man eftir því að ég átti eitt sinn erindi út í bæ og rakst þá á spákonuna Siggu Kling sem var þar að draga spil og spá fyrir fólki. Ég man þetta eins og gerst hefði í gær. Hún dregur fyrir mig spil og segir, „Já, þú átt eftir að umturna starfsferlinum og það mun vera allt öðruvísi en þú átt að þekkja!“ Ég var nú hissa á þessum spádómi Siggu Kling vegna stöðunnar sem ég var í, en ég geymdi spilið og leit stundum á það. Svo gerist það 2008 að ég sá auglýst nám heilbrigðisritara í Fjölbraut í Ármúla og ákvað að sækja um og síðan hefur ekki verið aftur snúið. Ég er alveg viss um að þessi stutta stund með Siggu Kling hafi verið örlagastund því sannarlega var starfsferlinum umturnað,“ segir Braghildur og brosir.

Heilbrigðisritarar víða

Á sviði sjúkra- og skjalaskrá hjá LSH starfa aðallega heilbrigðisgagnafræðingar og er Braghildur hluti af fjögra manna teymi sem afhendir sjúkraskrár ýmsum stofnunum: Sjúkratryggingum Íslands, tryggingafélögum, Tryggingastofnun, lögfræðingum og einstaklingum. „Annars er starf heilbrigðisritara mjög misjafnt, bara eftir því hvar þeir starfa, og eftir þeim stofnunum sem þeir starfa fyrir. Ég sjálf er mætt í vinnuna klukkan fimm að morgni alla daga. Mér finnst það mjög gott og gott að hafa slíkan sveigjanleika. Ég fer snemma að sofa á kvöldin og vakna snemma. Vinnudagurinn minn stendur í 7 klukkustundir og 12 mínútur og því lýkur mínum vinnudegi um hádegið alla daga. Varðandi námið þá er það á framhaldsskólastigi og er 120 eininga nám. Slíkt nám hentaði mér mjög vel þar sem ég hef meiri ánægju af því að vera úti á vinnumarkaðnum en að sitja á skólabekk. Félag heilbrigðisritara er stofnað 2005 og sá Guðríður Guðbjörnsdóttir um stofnun þess. Hún lagði mikla vinnu í félagið og við gerðum hana að heiðursfélaga á aðalfundi þess í júní 2020.“

Sameyki ryður veginn

Braghildur segir að starfsemi félagsins hafi legið í dvala í heimsfaraldrinum en fram að honum hafi það verið nokkuð virkt. „Það var alveg virkt fram að faraldrinum. Ég hef verið formaður þess frá 2020 þegar fyrrverandi formaður hvarf á braut í nám og önnur störf þegar hún hóf sjúkraliðanám og skipti um starfsvettvang. Ég var þá varaformaður og því tók ég við þessu eiginlega sjálfkrafa. Þegar kemur að samningum þá hefur Sameyki samið fyrir okkar hönd og þannig rutt veginn hvað okkur varðar þegar stofnanasamningar eru gerðir. Það er gott að leita til Sameykis og félagið hefur staðið sig vel vil ég meina fyrir hönd heilbrigðisritara. Í dag eru rúmlega áttatíu skráðir í félagið og einhver fjöldi heilbrigðisritara eru starfandi utan þess. Frá því námið hófst hafa 190 heilbriðgisritarar verið útskrifaðir en ekki nægilega margir skráðir í félagið en félagsaðild kostar einungis þrjú þúsund krónur á ári.“

> “
>
> Heilbrigðisritarar er láglauna-kvennastétt sem krefst þess af fólki að það hafi gott innsæi og gefi aðstæðum fólks gaum. „Við erum í stöðugum samskiptum við fólk sem er statt í misjöfnum aðstæðum í lífi sínu. Við þurfum að geta sett okkur í spor annarra án þess að vera með dómhörku. Það er lykilatriði, hvort sem við ræðum við fólk símleiðis eða í eigin persónu, þá þarf ávallt að sína nærgætni.

Engir karlmenn heilbrigðisritarar

Heilbrigðisritarar er láglaunakvennastétt sem krefst þess af fólki að það hafi gott innsæi og gefi aðstæðum fólks gaum „Við erum í stöðugum samskiptum við fólk sem er statt í misjöfnum aðstæðum í lífi sínu. Við þurfum að geta sett okkur í spor annarra án þess að vera með dómhörku. Það er lykilatriði, hvort sem við ræðum við fólk símleiðis eða í eigin persónu, þá þarf ávallt að sína nærgætni. Því miður er enginn karlmaður í stéttinni og enn hefur enginn karl sótt um starf heilbrigðisritara svo ég viti til. Þeir eiga alveg erindi í þetta starf og þeir eru mjög mikið velkomnir, okkur vantar þá í framlínustörfin til jafns við konur almennt í stéttina. Þetta er láglauna kvennastétt og þó að við höfum reynt, hefur því verið hafnað af ráðuneytinu að starfið verði lögverndað og heilbrigðisritarar njóti þá um leið þeirrar launaverndar og sérstöðu sem því fylgir,“ segir Braghildur.

Braghildur segir að framundan hjá Félagi heilbrigðisritara sé að efla samskipti þess við Sameyki og hvetja starfandi heilbrigðisritara til að gerast félagar því svo mikilvægt sé að vera sterk heild. „Við viljum vekja athygli á þessu starfi og í framtíðinni er þörf fyrir fólk á þessu sviði í heilbrigðiskerfinu og víðar. Stefnan er að virkja félagið enn frekar og okkur langar til að óska eftir fólki, bæði í starf félagsins og stjórn, og við tökum vel á móti öllum heilbrigðisriturum. Störf félagsins eru fjölbreytt og við stöndum að ýmsu félagsstarfi eins og fagfundum og ferðum á ráðstefnur heilbrigðisstarfsfólk í útlöndum,“ segir Braghildur S. Little að lokum. ■

Bakar sörur og

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmynd Birgir Ísleifur Gunnarsson

Victor Gunnarsson er formaður Fangavarðafélags Íslands. Hann hefur starfað sem fangavörður í 20 ár og fyrir þremur árum fór hann að starfa fyrir félagið, fyrst sem ritari og síðar sem formaður. Honum finnst félagið hafa verið í mikilli ládeyðu í tengslum við COVID-19 faraldurinn og að fangaverðir almennt ættu að standa þéttar saman um félagið og nýta það til að gæta að kjaramálum sínum og réttindum almennt. Mikilvægi þess að eiga slíkt fagfélag hefði sýnt sig þessi misserin í tengslum við styttingu vinnuvikunnar og allt það starf sem Fangavarðafélagið hefði þurft að sinna til að gæta að réttindum félagsfólks með Sameyki sem bakhjarl.
„Við vorum bara þrjú eftir í félaginu og ég ákvað, ásamt félögum mínum þar, að reyna að rífa það á lappirnar og fara að gera eitthvað. Stjórnin sem þá var hætti, eða kannski má segja að hún hafi fjarað út, svo kosið var til nýrrar stjórnar þar sem ég var kosinn formaður eftir stuttan umhugsunarfrest."

Komið víða við

Victor hefur komið víða við á vinnumarkaðnum; bakari, íþróttakennari, sælgætisgerðarmaður, sölumaður, sölustjóri, rekið kaffihús og komið vörum á koppinn.
„Tja, ég er búinn að vera í hinum ýmsu störfum í gegnum tíðina. Fyrst lærði ég bakaraiðn og vann við það í þó nokkur ár. Mig langaði fyrst til að verða matreiðslumaður en komst hvergi að í starfsnám á þeim stöðum sem voru við lýði á árunum 1986-88. Það voru svo fáir veitingastaðir sem tóku starfsnema miðað við það sem nú er og því valdi ég bakaraiðnina. Þá var mér boðið að taka við kaffihúsi og reka það þegar Kringlan var að opna sem ég þáði en stoppaði þar bara í eitt ár, það var of mikið álag. Ég vann í verksmiðjubakaríum fyrst um sinn eftir að námi lauk en svo kom að því að ég vildi fara meira í handverkið í bakaraiðninni og fór að vinna hjá Sandholts bakarí á Laugavegi og síðar hjá Mosfellsbakrí. Alls starfaði ég sem bakari í 16 ár," segir Victor og dregur fram öskju með gullfallegum sörum sem hann býður blaðamanni og segist hann baka þær í hjáverkum. Blaðamaður stingur upp í sig einni söru, og eins og ljúffengar sörur eiga að gera, bráðnar hún í munni hans. Victor fylgist með. „Ég hef sérstaklega gaman af því að baka sörur fyrir fólk. Ég er búinn að baka 170 þúsund sörur frá því ég byrjaði á þessu í eldhúsinu heima og þetta er mjög gefandi, að baka sörur fyrir jólin og gleðja aðra," segir Victor brosandi.

Það er nóg til af matarolíu!

„Einu sinni gerðist ég sölumaður hjá litlu fyrirtæki og mér var falið það verkefni að selja matarolíu sem enginn vildi kaupa."
Blaðamaður kváir. „Jú, allar verslanir sögðu við mig að það væri nóg til af matarolíu í landinu. Það væri ekki á það

„Ég vil að fangaverðir gangi í Fangavarðafélagið. Við erum alltof fá og því fleiri sem ganga þurfum að geta barist fyrir betri kjörum og haft sterka rödd á þessum vettvangi.

bætandi að fara að koma með enn eina matarolíuna í verslanir. Þessi olía varð nú samt ein sú frægasta og mest notaða matarolía fyrr og síðar hér á landi og víðar, ISIO 4. Það vildi þannig til að ég fékk Gestgjafann til að fjalla um olíuna og eftir það varð allt kolvitlaust. Þetta átti að vera pínulítil umfjöllun og við biðum spenntir eftir að blaðið kæmi út. Heyrðu! Svo kom blaðið og það var fjallað um matarolíuna á tveimur blaðsíðum og við höfðum ekki undan að afgreiða brettin til verslana og fyrirtækja í kjölfarið. Markaðnum var náð og þetta var bara bomba. Ég var þó ekki nema í eitt ár þarna því eigandi fyrirtækisins seldi það því miður og ég fór að leita mér að nýrri vinnu," segir Victor og hlær.

Á hænsapriki á Hrauninu

En hvernig vildi það til að Victor gerðist fangavörður? „Ég var án atvinnu og sá auglýsta stöðu fangavarðar á Litla-Hrauni og sótti um. Ég þekkti aðeins til því það voru starfandi í fjölskyldunni fangaverðir. Ég ákvað að slá til og mætti á Hraunið. Þar var ég

gætir fanga

í Fangavarðafélagið því sterkari verður það í kjarabaráttunni. Við erum fagfélag og

settur á hænsnaprik eins og ég kalla þessa litlu stóla sem þá voru. Mér var sagt að sitja þar og fylgjast með hvað hinir fangaverðirnir væru að gera – í tólf tíma. Þetta var um páska og ekkert um að vera. Skemmst frá því að segja gerðist ekkert á þessari vakt og þegar ég kom heim sagði ég við konuna mína og fjölskyldu að ég myndi aldrei vinna þessa vinnu! Aldrei! Þetta væri það al leiðinlegasta starf sem ég hefði komist í tæri við. Fangaverðirnir, bræður tengdamóður minnar, báðu mig um að gera aðra tilraun. Ég ákvað að gefa þessu séns og þegar ég mætti daginn eftir fékk ég nóg að gera svo þessi tólf tíma vakt leið hratt og var mjög skemmtileg, og ég hef ekki litið til baka þessi tuttugu ár."

Það hafa logað eldar

Þegar Victor er spurður um hvernig stytting vinnuvikunnar hjá fangavörðum hafi lagst í þá segir hann hreinskilningslega að það hafi logað eldar. Þeir hafi þurft að leggja meira á sig til að fá sömu krónutölu útborgaða hver mánaðarmót og auk þess þurft að verja meiri tíma á vinnustaðnum en áður og sjá þetta sem launatap. „Það hefur mætt mikið á formanni félagsins vegna styttingu vinnuvikunnar alveg frá því ég tók við. Tólf tíma vaktarúllan hefur hentað fangavörðum mjög vel; unnið var tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina, þriggja daga frí hafi verið frá föstudegi til sunnudags tvisvar í mánuði þegar vaktaskipti voru milli dagvaktar og næturvaktar. Nú vinna allir 8 tíma vaktir en það þarf að laga það til því það er pínu öfugsnúið. Fangelsismálastofnun og ráðuneytið hafa verið að reyna að búa til 8 tíma vaktarúllu en það hefur ekki skilað sér því þó að ágætt sé að verja skemmri tíma á vinnustaðnum er starfsfólkið mun tíðar á vinnustaðnum. Auk þess eru fríin farin og launin hafa lækkað. Vaktahvatinn virkar ekki nægilega vel því eins og staðan er núna þarf viðveran á vinnustaðnum að vera lengri en áður til að jafna launin á við það sem þau voru á 12 tíma vöktunum," segir Victor.

Úr 15 vöktum í 18 vaktir á mánuði

Hann segir að Fangelsismálastofnun hafi tjáð fangavörðum að þeir myndu ekki lækka í launum vegna styttingu vinnuvikunnar en raunin sé önnur. „Það sem leggst illa í okkar félagsmenn er að launin hafa lækkað allt frá 5 prósentum upp í 15 prósent. Það er einhver skekkja þarna sem gerir það að verkum að við lækkum svona í launum. Við erum að vinna að því hörðum höndum að endurreikna og endurskipuleggja 8 tíma vaktarúlluna og finna þessa skekkju. Ég minntist á vaktahvatann áðan, hann dekkar engan veginn tekjutapið, hann dekkar bara kaffitímana. Við vorum t.d. með 107 prósent vaktaálag í tólf tíma kerfinu og fengum greitt aukalega fyrir það u.þ.b. 45 þúsund krónur á mánuði í formi yfirvinnu og það er alveg dottið út og vaktahvatinn nær ekki að dekka það. Þó að álagsprósentan hafi hækkað dugar það ekki til að bæta upp tekjutapið vegna stórhátíðarkaupsins sem við áður nutum sem vaktahvatinn nær ekki að jafna. Við það að detta niður í 90 prósent vaktaálag og taka af stórhátíðarkaupið lækka launin um 40 þúsund krónur. Þarna hafa eldarnir logað og menn eru jafnvel farnir að hugsa sér til hreyfings vegna þessa. Menn eru ekki ánægðir með að vinna núna 18 vaktir í mánuði þegar þeir unnu áður 15 vaktir. Þetta er augljóslega aukin viðvera fyrir minni laun," segir Victor alvarlegur í bragði.

Fangaverðir þurfa að ganga í Fangavarðafélagið

Að lokum leggur Victor áherslu á að fjöldi félagsmanna í félaginu sé allt of lítill, einungis 38 skráðir félagar af 120 starfandi fangavörðum. „Ég vil að fangaverðir gangi í Fangavarðafélagið. Við erum alltof fá og því fleiri sem ganga í Fangavarðafélagið því sterkari verður það í kjarabaráttunni. Við erum fagfélag og þurfum að geta barist fyrir betri kjörum og haft sterka rödd á þessum vettvangi. Félagsgjöldin eru ekki það há og við verðum að standa saman," segir Victor Gunnarsson, formaður Fangavarðafélags Íslands. ■

„Ég hef verið ríkisstarfsmaður alla tíð og kann því vel. Ein af helstu ástæðum þess að ég hef ekki skipt um vinnu eru lífeyrisréttindin sem fylgja B-deildinni og auðvitað ánægjan með starfið og samstarfsfólkið.“

Í fimmtíu ár á sama vinnustaðnum og ekki tilbúin að hætta

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmynd Birgir Ísleifur Gunnarsson

Þorbjörg Guðnadóttir Blandon starfar sem deildarstjóri á lánasviði hjá LSR og hefur starfað þar frá því 5. nóvember 1971. Hún fagnaði því fimmtíu ára starsaldursafmæli hjá stofnuninni nýlega en þar hefur hún starfað frá 17 ára aldri. Þorbjörg er fædd í Reykjavík en býr í Kópavogi með manni sínum og dóttur og hundinum Tátu. Fyrir eiga þau tvö uppkomin börn.

Lífeyrisréttindin vega þungt

Eftir grunnskólann sótti Þorbjörg um vinnu hjá lífeyrissjóðnum eftir ábendingu frá systur sinni þegar sjóðinn, sem þá heyrði undir Tryggingastofnun ríkisins, vantaði starfskraft. Systir hennar, sem starfað hafði í lánadeildinni sem sumarstarfsmaður í nokkur ár, lét vel af því svo Þorbjörg lét slag standa og hefur aldrei séð eftir því. „Ég hef verið ríkisstarfsmaður alla tíð og kann því vel. Ein af helstu ástæðum þess að ég hef ekki skipt um vinnu eru lífeyrisréttindin sem fylgja B-deildinni og auðvitað ánægjan með starfið og samstarfsfólkið. Ég hef stundum hugsað út í það að skipta um vinnu á þessum 50 árum sem liðin eru, en aldrei látið verða af því. Það eru lífeyrisréttindin sem ég horfi svo mikið til. Þau eru óneitanlega góð því þau eru prósenta af grunnlaunum og í mínu tilfelli er prósentutalan komin yfir 80 prósent í dag. Ef ég vinn lengur, til sjötugs, aukast réttindin um 2 prósent á ári,“ segir hún.

Ekki tilbúin að hætta að vinna fullfrísk

Þorbjörg hyggst vinna eins lengi og hún má því hún segist vera fullfrísk og með fulla starfsorku. Blaðamaður tekur eftir því að hún er ungleg og friskleg og hreinlega gædd fítonskrafti þar sem hann reynir lafmóður að halda í við hana þegar hún gengur rösklega upp stigana að skrifstofunni sinni í LSR húsinu. Og Þorbjörg nýtur lífsins, „Ég fer reglulega í leikfimi og stunda samkvæmisdansa einu sinni í viku. Auk þess leik ég golf á sumrin þannig að ég hef nóg að gera fyrir utan vinnuna, og svo prjóna ég þegar tími gefst.“ Blaðamaður rifjar upp fyrir Þorbjörgu að amma hans hafi prjónað mikið og hún hefði haldið því fram að það viðhéldi fínhreyfingunum sem fólk, rétt komið yfir fimmtugt, væri oft búið að tapa. Þorbjörgu vafðist ekki tunga um tönn og svaraði hlæjandi: „Þú verður bara að fara að prjóna.“ Hvað sem því líður verður máske erfitt að beita fimm litlum þumalfingrum við slíkt verk. En áfram með spallið við Þorbjörgu.

Handreiknaðir dráttarvextir

En hvernig hefur starfið hennar þróast í lánadeildinni? Þorbjörg dregur fram möppu með bunka af blöðum í sem hefur að geyma dæmi um eina lánsumsókn hjá sjóðnum hér áður fyrr. „Þetta er ein lánsumsókn og í hana söfnuðum við gögnum frá skattinum og fleiri gögnum frá stofnunum sem fólk þurfti að skila inn til okkar. Þá þurfti það að hringja til okkar til að spyrja hve há peningaupphæðin væri á næsta gjalddaga, og ef fólk greiddi ekki á gjalddaganum voru dráttarvextirnir handreiknaðir á hvert lán. Þróunin var með þessum hætti; fyrst var allt vélritað og við þurftum að handreikna dráttarvexti og uppgreiðslur þar til tölvan kom til sögunnar árið 1981. Það var ekki fyrr en árið 2012 sem við hættum að nota möppurnar með öllum þessum skjölum sem umsækjandinn þurfti að skila inn, en þá tókum við upp málaskráningakerfið Coredata sem öll gögn voru skönnuð inn í. Rafrænar umsóknir fóru svo í loftið í nóvember 2020 sem gerði umsækjanda láns kleift að sækja sjálfur um lán á Mínum síðum og nú framkvæmir umsækjandinn greiðslumatið sjálfur í gegnum Creditinfo. Í lok ferlisins koma gögnin svo sjálfkrafa inn í kerfi LSR. Í dag tekur ferlið semsagt mun styttri tíma og við afgreiðum venjulega lánsumsókn á einum sólarhring eftir að hún berst okkur.“

> Hrunið var erfitt. Það var erfitt að sjá fólk missa eignirnar sínar, húsin sín og íbúðirnar. Þetta var erfiðasti tíminn á starfsferli mínum. Fólk var niðurbrotið og allt var að hrynja. Það var erfitt að horfa framan í fólk þegar svo mikið var undir.

> Þegar ég var að byrja í þessu starfi voru lán ekki vísitölutryggð. Lánin voru ekki verðtryggð fyrr en 1979, ef ég man rétt. Ég man eftir því þegar vextirnir fóru hæst í 47 prósent á þessum óverðtryggðu lánum. Þá var mikil verðbólga og stjórn hagkerfisins ólíkt þeirri sem nú er.

Hrunið erfiðasti tíminn á starfsferlinum

„Hrunið var erfitt. Það var erfitt að sjá fólk missa eignirnar sínar, húsin sín og íbúðirnar. Þetta var erfiðasti tíminn á starfsferli mínum. Fólk var niðurbrotið og allt var að hrynja. Það var erfitt að horfa framan í fólk þegar svo mikið var undir. En það er líka gaman þegar hægt er að gleðja fólk með því að hjálpa því að fá lán til að fjármagna framtíðar heimilið sitt. Talandi um lán. Þegar ég var að byrja í þessu starfi voru lán ekki vísitölutryggð. Lánin voru ekki verðtryggð fyrr en 1979, ef ég man rétt. Ég man eftir því þegar vextirnir fóru hæst í 47 prósent á þessum óverðtryggðu lánum. Þá var mikil verðbólga og stjórn hagkerfisins ólíkt þeirri sem nú er,“ segir Þorbjörg og kímir.

Hún segir að dregið hafi úr lánaumsóknum hjá sjóðnum því bankarnir hafi getað boðið lán á svo lágum vöxtum. Því sé ekki nálægt því jafn mikið að gera í útlánum eins og var fyrir einungis ári síðan og sem kallaði á stöðuga yfirvinnu. „Þetta er mun betra í dag en var fyrir ári síðan. Fólk hefur líka meiri tíma fyrir sig og getur notið styttingu vinnuvikunnar sem hefur reynst vinnustaðnum vel. Við ráðum hvenær við tökum styttinguna yfir vikuna og okkur líður bara vel hérna,“ segir Þorbjörg létt í bragði.

Þorbjörg segir að lokum að á þessum stóru tímamótum hafi það glatt hana mikið þegar sjóðurinn hafi heiðrað sig og fært sér gjafir og blóm á ársháttíð LSR nú fyrir stuttu. „Þetta kom skemmtilega á óvart og það var gaman að þessu. Mig langar ekkert til að hætta að vinna og hef lítið hugsað um hvernig það verður. Mér finnst fáránlegt að hætta að vinna núna. Mér líður bara eins og ég sé ekki nema fimmtug í anda. Mig langar að lokum til að þakka samstarfsfólki mínu í lánadeildinni og öllum þeim sem starfa hér. Hér er góður mórall og gott fólk og gott hefur verið að starfa hérna í gegnum árin,“ segir hún og brosir. Sameyki óskar Þorbjörgu til hamingju með 50 ára starfsafmælið og óskar henni farsældar í leik og starfi.

Ungmenni af erlendum uppruna í versnandi stöðu

Eftir Brján Jónasson

Nýjar rannsóknir Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins sýna að staða erlendra ungmenna utan vinnumarkaðar og skóla hefur versnað nokkuð á síðustu árum.

Niðurstöður rannsóknanna tveggja voru kynntar á netfundi Vörðu. Þar kom fram að undanfarna áratugi hefur dregið úr atvinnuþátttöku ungmenna víðast hvar í aðildarríkjum OECD. Samhliða því hefur orðið fjölgun í hópi ungmenna sem stunda hvorki nám né atvinnu og gildir það sama á Íslandi.

Við greiningu á gögnum frá Hagstofu Íslands kom í ljós að þróun á fjölda í hópi ungmenna sem hvorki stunda nám né atvinnu virðist vera nátengd stöðunni á vinnumarkaði. Ákveðnir bakgrunnsþættir skipta miklu máli varðandi virkni ungmenna, til dæmis kyn, aldur, menntunarstig, félags- og efnahagsleg staða foreldra og fjölskyldugerð. Þessir þættir hafa nokkurt forspárgildi um virkni ungmenna og hvort þau tilheyra þessum hópi sem hvorki stundar nám né vinnu.

Ekki einsleitur hópur

Til dæmis er hlutfall ungra einstæðra foreldra og barna á heimilum einstæðra foreldra í þessum hópi töluvert hærra en hjá öðrum hópum. Að sama skapi eru karlar lítillega útsettari gagnvart því að lenda í hópnum en konur. Með öðrum orðum gilda ákveðnar almennar tilhneigingar um ungmenni út frá lýðfræðilegum bakgrunni þeirra og sterk félags- og efnahagsleg staða ungmennis virðist veita ákveðna vernd gagnvart því að lenda í hópi ungmenna sem hvorki stunda nám né vinnu. Niðurstöðurnar sýna einnig að tækifæri, aðstæður og forsendur ungmenna á Íslandi eru mjög breytilegar eftir uppruna, ungmennum með erlendan bakgrunn almennt í óhag. Þannig er umfang ungmenna sem ekki eru í skóla eða vinnu töluvert meira í hópi ungmenna með erlendan bakgrunn en meðal innfæddra. Að sama skapi sýna niðurstöður að áhrifa- og áhættuþættir í tengslum við að vera hvorki í vinnu né skóla hafa dramatískari afleiðingar fyrir ungmenni af erlendum uppruna en innfædd. Þrátt fyrir þessa almennu tilhneigingu eru ungmenni með erlendan bakgrunn ekki einsleitur hópur og aðstæður þeirra mjög breytilegar þegar hópurinn er skoðaður eftir ítarlegum upprunaskilgreiningum.

Hindranir fyrir ungar erlendar konur

Í rýnihóparannsókn þar sem rætt var við ungar konur af erlendum uppruna sem voru eða höfðu verið í hópi ungmenna sem hvorki eru í vinnu né skóla kom í ljós að þær bjuggu við margþættar hindranir í íslensku samfélagi í gegnum kerfisbundna aðgangsstýringu og útilokun.

Tvær tegundir hindrana voru þar mest áberandi. Í fyrsta lagi samfélagslegar hindranir sem tengjast viðhorfi og viðmóti Íslendinga í garð innflytjenda sem konurnar upplifa sem bæði niðurlægjandi og útilokandi. Í öðru lagi stofnanabundnar hindranir sem virðast aftra konunum meira en körlum frá ríkri samfélagslegri þátttöku. Birtingarmyndir þessara hindrana eru sömuleiðis fjölþættar og tengjast vinnumarkaði, menntakerfi og aðgengi að öðrum gæðum samfélagsins í gegnum kröfu um íslenskukunnáttu og svo fjárhagslegar hindranir. Krafan um íslenskukunnáttu er sömuleiðis rauður þráður í öllum frásögnum þeirra og tengist samfélagslegum og stofnanabundnum hindrunum órjúfanlegum böndum. Skýrslur með niðurstöðum rannsóknanna tveggja eru aðgengilegar á vef Vörðu. ■

Lífsgæði fjölskyldna aukast með lægri leigukostnaði

Eftir Írisi Gefnardóttur

Það þekkja það flestir sem hafa verið á leigumarkaðinum hversu óstöðugur hann getur verið. Eitt af grundvallaratriðum þess að geta lifað góðu lífi er ekki bara það að eiga í sig og á heldur er það líka mikilvægt að eiga öruggt heimili. Þegar ég heyrði fyrst af Bjargi var ég fljót að sækja um leiguíbúð á þeirra vegum en var þó um leið hóflega bjarstýn enda hafði reynslan mín af því að vera á leigumarkaði í mörg ár kennt mér það að ganga ekki að neinu sem gefnu.

Einfalt umsóknarferli

Ferlið sjálft við það að skila inn umsókn var tiltölulega einfalt; almennar upplýsingar um fjölskylduhagi, atvinnu, séróskir ef einhverjar voru og þess háttar var á meðal þess sem gefa þurfti upplýsingar um. Eftir að hafa skilað inn umsókn var bara að bíða og vona það besta.

Það vildi þannig til að á þessum tíma bjó ég í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði í úthverfi á höfuðborgarsvæðinu. Í því hverfi var Bjarg í þann mund að byggja upp fyrstu blokkirnar sínar og gat ég fylgst með uppbyggingunni á leið minni til og frá vinnu hvern dag. Ég leyfði mér að detta í dagdrauma um að þar myndi ég fá íbúð enda hentaði staðsetningin fullkomlega vegna nálægðar við grunnskóla, nálægðar við matvöruverslanir, við almenningssamgöngur og fleira. Þegar blokkirnar fóru að rísa hver af annarri á methraða fór ég svo að ímynda mér hvaða íbúð ég myndi nú fá og hvernig ég myndi innrétta heimilið enda ekki leiðinlegt að flytja inn í glænýtt húsnæði.

Himinn og haf á milli leigukostnaðar

Það var svo í lok desember 2018 að ég fékk tölvupóst þess efnis að ég hefði fengið úthlutað íbúð hjá þeim og viti menn, það var á þeim stað sem ég hafði látið mig dreyma um og áætluð afhending var sumarið þar á eftir. Við flutninginn lækkuðu útgjöld hjá mér vegna leigukostnaðar um 100 þúsund krónur á mánuði enda himinn og haf á milli leigukostnaðar á almennum leigumarkaði og svo hjá Bjargi. Það þarf ekki að spyrja að því hvaða áhrif það hefur á lífsgæði fjölskyldna að minnka útgjöld um þá upphæð hver mánaðamót. Öll þjónusta frá Bjargi hvort sem það var í sjálfu umsóknarferlinu, við úthlutun eða eftir að hafa fengið afhent hefur verið til fyrirmyndar. Ef eitthvað kemur upp á hefur aldrei verið vandamál að fá aðstoð eða viðgerð ef á þarf að halda. Ég get því vel mælt með Bjargi sem möguleika fyrir þá sem eru að leita sér að öruggu húsnæði í langtímaleigu. ■

Leiguíbúðir Bjargs við Bátavog í Vogahverfi er gott dæmi um uppbyggingu íbúðafélagsins á höfuðborgarsvæðinu.

500 íbúðin afhent hjá Bjargi íbúðafélagi

Bjarg íbúðafélag afhenti í lok september 500. íbúðina að Gæfutjörn 22 í Úlfarsárdal ungri móður, Hjördísi Björk Þrastardóttur. Íbúðin er 3ja herbergja á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi efst í dalnum með fallegu útsýni til austurs og suðurs. Hjördís Björk var himinlifandi yfir nýju íbúðinni og þótti útsýnið fagurt.

Björn Traustason framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags sagði við þetta tilefni að fyrir tveim árum síðan hefði íbúðafélagið afhent sína fyrstu íbúð og því er tilefni til að halda upp á þessi tímamót með Hjördísi Björk og gestum. Bjarg íbúðafélag býður leigjendum sínum öryggi á leigumarkaði á hagstæðum leigukjörum. Framundan sé áframhaldandi uppbygging og þessi misserin er íbúðafélagið að afhenda um 23 -30 íbúðir á mánuði. ■

Hjördís Björk Þrastardóttir tekur á móti lyklum af nýju leiguíbúðinni úr hendi Björns Traustasonar framkvæmdastjóra Bjargs íbúðafélags. Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB, Hjördís Björk Þrastardóttir og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri voru viðstödd þegar ungu fjölskyldunni var afhent íbúðin.

Mesta húsnæðisöryggið og ánægja leigjenda er hjá óhagnaðardrifnum leigufélögum

Í mánaðarskýrslu HMS sem kom út í október er fjallað um leigumarkaðinn. Þar kemur fram að stærstur hluti leigumarkaðarins leigi af einstaklingi á almennum markaði, eða 41,9 prósent. Alls 18 prósent leigjenda leigja af ættingjum eða vinum. Hlutdeild einkarekinna leigufélaga á markaðinum er um tíu prósent, svipað hlutfall leigir af sveitarfélögum, 8,6 prósent á stúdentagörðum og 4,6 prósent leigja nú af óhagnaðardrifnum leigufélögum eins og Bjargi íbúðafélagi sem er húsnæðissjálfseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB.

Fram kemur í leigumarkaðsskýrslu HMS að 84 prósent þeirra sem leigja íbúð af óhagnaðardrifnum leigufélögum líkt og Bjargi íbúðafélagi eru ánægðir með húsnæðið sem þeir leigja. Þeir eru einnig ánægðastir allra á leigumarkaði.

Í frétt Kjarnans sem fjallaði um skýrsluna segir m.a.: „Í maí síðastliðnum tilkynnti Bjarg íbúðafélag að það hygðist lækka leigu hjá um 190 leigutökum félagsins. Meðalleigugreiðslur leigutaka áttu samkvæmt þeirri ákvörðun að lækka um 14 prósent, úr um 180 þúsund krónum í 155 þúsund. Þetta var gert í kjölfar endurfjármögnunar og endurskoðunar rekstrar fjölbýlishúsa Bjargs við Móaveg og Urðarbrunn í Reykjavík.“ ■

Fyrsta skóflustungan að íbúðum Bjargs í Garðabæ

Fyrsta skóflustungan að nýjum fjölbýlishúsum Bjargs íbúðarfélags og Búseta í Garðabæ var tekin á föstudag. Húsin tvö munu rísa við Maríugötu.

Alls verða 42 íbúðir í húsunum tveimur sem munu skiptast þannig að Bjarg mun eiga 22 íbúðir og Búseti vera með 20 búseturéttaríbúðir. Garðabær leggur til stofnframlag vegna íbúða Bjargs. Bjarg og Búseti hafa átt samstarf um hönnun og framkvæmdir verkefnisins og hefur verið samið við ÍAV um framkvæmdir.

Bjarg íbúðafélag var stofnað af BSRB og ASÍ árið 2016. Félagið hefur það að markmiði að byggja upp og leigja út íbúðahúsnæði fyrir tekjulægstu félagsmenn heildarsamtakanna tveggja og er Bjarg rekið án hagnaðarsjónarmiða. Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins, þar sem einnig er hægt að sækja um íbúð. Á efri myndinni má sjá forsvarsmenn Bjargs og Búseta ásamt bæjarstjóra og öðrum fulltrúum Garðabæjar tóku fyrstu skóflustungurnar. Neðri myndin er tölvuteikning á fyrirhugaðri uppbyggingu íbúða hjá Bjargi í Garðabæ. ■

Ríkið endurskoðar ekki afstöðuna til orlofs í sóttkví

Ríkið fellst ekki á túlkun BSRB og annarra heildarsamtaka launafólks á því hvernig standa skuli að skráningu orlofs þegar starfsfólki er gert að sæta sóttkví og telur að starfsfólk eigi ekki rétt á að fresta orlofstöku sé því gert að sæta sóttkví.

Heildarsamtök launafólks skoða nú hvort látið verði reyna á túlkun ríkisins fyrir dómstólum.

BSRB, Alþýðusamband Ísland, Bandalag háskólamanna, Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kennarasamband Íslands og Læknafélag Íslands sendu nýlega erindi á Kjara- og mannauðssýslu ríkisins til að freista þess að skýra réttarstöðu starfsfólks sem gert hefur verið að sæta sóttkví í orlofi sínu. Í bréfinu kom fram að fjölmörg dæmi eru um að stofnanir ríkisins hafi neitað að breyta orlofsskráningu hjá starfsfólki sem þurft hefur að sæta sóttkví, sem að mati heildarsamtakanna stenst hvorki lög né ákvæði kjarasamninga. Það er mat heildarsamtakanna og verkalýðsfélaganna að sóttkví í orlofi megi jafna við veikindi í orlofi. Þar er skýrt að veikist starfsfólk í orlofi telst sá tími sem það er veikt ekki til orlofs. Þá er bent á að niðurstaða Kjara- og mannauðssýslu ríkisins samræmist ekki markmiðum laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga í sóttkví. Með því að halda orlofsskráningu til streitu sé komið í veg fyrir að starfsfólkið geti sótt um greiðslu launa í sóttkví.

Nú þegar stjórnvöld hafa enn á ný hert sóttvarnaraðgerðir skýtur skökku við að dregið sé úr samstöðu um aðgerðir með því að halda við óbilgjarna afstöðu til réttinda starfsfólks sem lendir í þessari stöðu. Í ljósi þessarar niðurstöðu ríkisins munu heildarsamtökin sem stóðu að erindinu skoða hvort rétt sé að láta reyna á þessa túlkun fyrir dómstólum.

Hægt er að lesa erindi Erindi BSRB, ASÍ, BHM, Fíh, KÍ og LÍ ásamt svari ríkisins við því á vef Sameykis. ■

Orlofshús hjá Sameyki sem leyfa gæludýr

Sameyki býður félagsfólki sínu til leigu orlofshús þar sem gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrífa vel eftir dýrin. Orlofshúsin eru í Akraseli, Arnarstapa, Blönduósi, Hólasetri, Húsafelli og í Stykkishólmi

Á orlofsvef Sameykis er hægt að bóka þessi hús og sækja um úthlutun á vefnum, orlof.is/sameyki/. Við hvetjum alla til að kynna sér vel allar umgengnisreglur húsanna.

Til að sækja um úthlutun á orlofshúsi er smellt á „umsókn um“ þar er form sem fylla þarf út og fyrir neðan eru valmöguleikar. Í fyrri fellilistanum er orlofseign valin og í þeim seinni það tímabil sem sótt er um.

Athugið að öll lausaganga hunda er bönnuð á orlofssvæðum Sameykis. ■

Akrasel

Arnarstapi

Blönduós

Hólasetur

Húsafell

Stykkishólmur

Lausn krossgátu í 3. tbl. 3. árgangur 2021

			TJÖRU-PAPPI	HINDRA		RÓMVERSK TALA	ÍÞRÓTT / HVÍLAST	B	SKRAPA	KK. NAFN	ÁRBÓK
		ORÐ-HELDNI	Þ	A	G	M	Æ	L	S	K	A
		FRÁ / ÓSVIKINN	A	F	ÞOKA / MEST	M	J	A	K	A	N
		E	K	T	A	ÁVÖXTUR / FÆÐA	A	K	A	R	N
		KVK. NAFN	E	R	L	A	ÁGÆTIS	HAM-FLETTA / ALDRAÐI	F	L	Á
		VEL	F	A	L	L	E	G	A	RÍKIS	L
		BÓK-STAFUR	N	FLOKKA / FARÐI	R	A	Đ	A	TVEIR EINS	L	L
ÆRINN		B	VEIÐI	GUFU-HREINSA / UPP	E	I	M	A	FORMÓÐIR / ÆTÍÐ	A	M	M	A	SMÁ-MJAKA
Y	F	R	I	N	N	ATHYGLI	E	MJÖG / BAKTAL	A	L	L	NÚMER / FUGL	N	R
SLÁ / ÞVEGIÐ	R	Á	VERNDARI / SÓT	E	N	G	I	L	L	SÚREFNI / SÖNG-HÆFUR	I	L	D	I
B	A	Đ	A	Đ	BÆN / ÁLITS	Á	K	A	L	L	ÞRÁ / KRAFS	Ó	S	K
	M	ÞÓ / ÁKÆRA	S	A	M	T	EINA / HALD	S	T	A	K	A	STRIT	K
MERKJA	T	Á	K	N	A	KLIFUN / STÆLA	S	T	A	G	L	SAMTÖK / RAUS	A	A
KLAKA / JAFNVEL	Í	S	A	GRIP / HANDA	T	A	K	HREIN-SKILIÐ / SKAMMT	F	R	Ó	M	T	KRAKKA
E	Đ	A	SPERGILL / AFSPURN	A	S	P	A	S	HEIÐUR / MÓTMÆLI	Æ	R	A	ÓSLITINN	B
ENGI	A	K	U	R	AÐ BAKI / ÁVINNA	A	F	T	A	N	EYÐA / NÝJA	S	Ó	A
STERKA	R	A	M	M	A	ÍLÁTI / UMRÓT	T	U	N	N	U	TVEIR EINS / TRÉ	R	R
RÚMA	S	SKÁK / HORFÐI	T	A	F	L	TIL DÆMIS / TVEIR EINS	T	D	GAS-TEGUND	N	E	O	N
H	Ý	S	A	HAPP-DRÆTTI	L	O	T	T	Ó	STEYPU-EFNI	G	I	F	S
KOMA	N	Á	L	G	A	S	T	GAPA	F	L	A	K	A	

Lausnarorðið er **Geðug**

Vinningshafi krossgátunnar

Vinningshafi krossgátunnar er Kristín Rannveig Sigurþórsdóttir og sendi hún inn til Sameykis bréf með lausnarorðinu GEÐUG. Hún gekk í SFR árið 1988 þegar hún hóf störf hjá hjúkrunarheimilinu Ás í Hveragerði og síðar í Sameyki eftir að félögin sameinuðust. Kristín sagði að hún væri nýhætt að vinna og skemmtir sér vel með félögum sínum í Lífeyrisdeildinni. „En gaman, ég er ægilega ánægð með að hafa verið dregin út. Það er svo sjaldan að maður vinni eitthvað. Mig langar líka til að lýsa ánægju minni með félagið mitt. Mér finnst það standa sig svo vel," sagði Kristín þegar henni var tilkynnt um vinninginn. Hún ákvað að fá helgardvöl í orlofshúsi Sameykis og sagði að það kæmi sér mjög vel því alltaf væri gaman að skreppa í orlofshús. ■

Sudoku

	4	3	9		5		8	
		9	7		2			5
2				3	8			
3	9	6		4				
			5	2		3		
		8						4
9	5	7	2		1			3
			3		4		5	1
1						8		7

Létt

						3		
	7	9			2			
			5	8	7		9	
					9	6	7	
5			8	4			1	9
	6							
	4			1				
		2						8
	5	3	4					

Miðlungs

					1	8		
			6	4	2			3
						7	6	
				5			7	
	3		2	1		5		8
9	8					6		
5					9	1		
2		1		8	5			

Erfið

							BÖGGLA	SKYLDIR	BEINT	MÆÐA		SKORDÝR	FESTA	ÁHUGA-MANNESKJA
						JARÐEPLI / ÞRÁ-KELKNI								
										VOND / SMÁU				
								KLÁSÚLA / MÁLEINING					1	
						ÖGN					OP / NÖTRA			
						SNUÐA	5						BLÓMI	
		MINNKA		SKIN		HLUT-TAKANDI / FÍFLAST						TVEIR EINS / GARMAR		
DRÝGJA							UMDÆMI	SNYFSI / SORG-BITIN				4		BIKAR
STAFUR / VÍS-BENDING			FORMAST / MULDRA		3					ÞAUT / UMSTANG				
				ÞÓ / TREGI					VEGVÍSIR / AFTUR-KALLA					
ÞUS					HRYGGJA / TÓNN						EFTIRSÓKN / HALDIST			
GLITRA		HIMINN / GAGN					GLÓÐA / ÓSKA						MORKNA	
						BLAKT / ÚRVALS				FUGL / ÞOLDI				
PLAN / HLEYPA					EIN-RÆÐUR / NÓTA		6					ÁÐJÁN / MAT-HÁKUR		
				SKJÓGT / TRÉ				HLÉ / SPROTI						UPPHAF
MIKLU		MERGÐ	TRÖLL-KONA / HVIÐA						LENDA Á / STAGL			2		
					ÞARFNAST						KOSTUR / MÁNUÐUR			
DUGUR							ÖSKRA / STAFUR						ÁTT	
VÆTU / MAGNA					AFGANGUR					HÓTA				
				HNÍFUR				KVK. NAFN						

Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til ánægju. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. janúar næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (12.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félagsins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is

GERVIGREIND FYRIR ALLA

Vefnám sem er sniðið að þörfum þeirra sem vilja kynna sér gervigreind án þess að vilja fara djúpt í stærðfræðilegar forsendur hennar og þeirra sem vilja styrkja samkeppnisstöðu sína á vinnumarkaði.

Á námskeiðinu kynnast þátttakendur grunnhugtökum gervigreindar, læra hvar og hvernig gervigreind er beitt í samfélaginu og fá tækifæri til að leysa fjölbreytt verkefni. Námskeiðið samanstendur af sex námsþáttum sem miða að því að fræða þátttakendur og dýpka þekkingu þeirra á gervigreind og samfélagslegum áhrifum hennar.

GERVIGREIND FYRIR ALLA - VEFNÁM

Dagsetningar

25. janúar 2022

22. febrúar 2022

22. mars 2022

Námskeiðið byggist á textum, myndum, myndböndum og verkefnum.

Lengd námskeiðs er u.þ.b. 3 klst. en fer þó eftir hraða hvers og eins. Á upphafsdegi námskeiðs mun Affekta senda þátttakendum póst með aðgangi að námsefninu. Námsefnið er opið í tvær vikur eftir upphafsdag námskeiðs.

Skráning á námskeiðin og nánari upplýsingar má finna á vef Starfsmenntar, smennt.is

Námskeiðin eru á vegum Starfsmenntar í samstarfi við Affekta sem sérhæfir sig í þróun kennslulausna sem þjóna nemendum og þörfum þeirra með því að gera fræðslu aðgengilega og skemmtilega.

Starfsmennt miðar að því að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana til að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnuumhverfi.

Starfsmennt • Skipholt 50b • 105 Reykjavík • Sími: 550 0060 • Netfang: smennt@smennt.is • Veffang:smennt.is • Opnunartími skrifstofu er mánudaga til fimmtudaga 9-16 og föstudaga 9-15.

Starfsmennt 20 ÁRA FRÆÐSLUSETUR